


**RAGNAR KRISTINN GUNNARSSON**

*Í golfi eiga menn að vera snyrtilega klæddir*

heilsa nám

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




**NORÐURLAND**

*Klassík og bílskúrsrokk á AIM Festival á Akureyri*

Sérblað um Norðurland fylgir Fréttablaðinu í dag

**ELÍSABET MARGEIRSDÓTTIR**

*Yngsti veðurfréttamaður landsins*

Var í æfingabúðum hjá Sigga Stormi

FÓLK 30




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. júní 2008 — 156. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


**ÞRIÐJUDAGUR**

### Skrifar með mömmu



Björgvin Franz Gíslason verður umsjónarmaður Stundarinnar okkar næsta vetur.

FÓLK 30

### Árekstur veiðimanna og ímyndarsmiða

„Í ísbjarnarmálinu lýstur tveimur samfélögum saman með óvenju skýrum hætti,“ skrifar Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 16

### Leitað að gimsteinum í görðum



Skógræktarfélag Reykjavíkur leitar að tré mánaðarins.

TÍMAMÓT 18

### Ekkert gaman lengur



Stefán Þórðarson segist ekki hafa gaman af fótbolta lengur og íhugar að hætta eftir að hafa séð rautt tvo leiki í röð.

ÍÞRÓTTIR 26

### VEÐRIÐ Í DAG




**ÚRKOMULÍTIÐ** Í dag verður yfirleitt hæg norðlæg átt. Skýjað með köflum víða um land og úrkomulítið. Hiti á bilinu 6-15 stig, hlýjast í uppsveitum syðra.

VEÐUR 4

# Ísland með forskot í olíuleit við Jan Mayen

## Norskir þingmenn gagnrýna olíumálaráðherrann. Þeir telja Norðmenn hafa dregist aftur úr Íslendingum í undirbúningi olíuleitar á Jan Mayen-hryggnum.

**OLÍULEIT** Norðmenn hafa dregist verulega aftur úr Íslendingum í undirbúningi fyrir olíuleit og vinnslu á Jan Mayen-hryggnum. Þetta kemur fram í grein á olíufréttavefnum Offshore.no. Þróunin veldur þingmönnum Hægriflokksins á norska stórþinginu áhyggjum. Þeir gagnrýna norska olíumálaráðherrann fyrir að vera sofandi gagnvart norskum hagsmunum. Íslendingar og Norðmenn hafi unnið saman að jarðfræðirannsóknum árið 2002 en Norðmenn hafi ekkert gert síðan þá.

Olíuleitin á Jan Mayen-hryggnum kom nýlega til umræðu á Stórþinginu þegar hægrimanninum Ivar Kristiansen „tókst að vekja olíumálaráðherrann Åslaug Haga,“ eins og tekið er til orða í greininni. Bent er á að Íslendingar séu að kenna Norðmönnum lexíu í þessu máli og spurt hvort olíumálaráðherrann spretti úr spori nú þegar hann hafi verið vakinn af værum blundi.

Ivar Kristiansen „er fyrsti stjórnmálamaðurinn sem hefur uppgötvað að Ísland er langt á undan Noregi,“ segir í greininni og bent á að Íslendingar byrji á ferlinu fyrir leyfisveitingu til borunar á Drekasvæðinu í janúar á næsta ári. Spurt er: „Hvað gerum við ef Íslendingar finna svæði sem teygir sig inn á norskt svæði? Leyfum þeim að framleiða allt sem þeir geta frá sinni hlið?“

Åslaug Haga svaraði spurningunni neitandi og sagði að Norðmenn væru í viðræðum við Íslendinga. Í greininni er lýst þungum áhyggjum af því að hlutur Norðmanna verði rýrari eftir því sem lengur sé beðið. Þingmennirnir spurðu hvort ekki væri hægt að fara strax í undirbúning en ráðherrann sagði að það yrði metið. Greinarhöfundur Offshore óttast að Norðmenn bíði rólegir þar til Íslendingar finni olíu í stað þess að veita fjármagni í rannsóknir í sumar. Íslendingar bori ekki fyrr en eftir eitt til tvö ár en þó sé engin ástæða til að bíða. **- ghs**



**STOKKIÐ TIL SIGURS** Margir þeir sem eldri eru hafa af því sívaxandi áhyggjur að ungmenni landsins séu hætt að leika sér upp á gamla mátann og hangi þess í stað fyrir framan tölvu- og sjónvarpsskjái daginn út og inn. Siggi úr Rimaskóla blés á slíkar vangaveltur og stakk sér til sunds í Elliðaánum í veðurblíðu gærdagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**VALDIMAR MEÐ CITY SURFER-HJÓL** Íslensk hönnun, kínversk framleiðsla. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Íslensk borgarhjól á Laugavegi:

## Kemst saman-brotið í skottið

**HJÓLAMENNING** Í Nýlenduverzlun Hemma og Valda, sem nýverið tók til starfa á Laugavegi 21, má nú bæði kaupa og leigja City Surfer-borgarhjól.

Hjólið hannaði Valdimar Geir Halldórsson eftir stelli sem var í boði í hjólaverksmiðju í Kína. Hjólið er þrettán kíló að þyngd, gíralaust og það má brjóta það saman. Samanbrotið kemst það í skottið á hvaða smábíl sem er. Sé fólk spennt fyrir City Surfer-hjólinu er prufuhjól á staðnum.

- glh/sjá síðu 30

Nýr íslenskur gæðabjór:

## Gullfoss á markað í júlí

**FÓLK** Gullfoss, nýr íslenskur bjór, er væntanlegur á markað í júlí. Ölgerð Reykjavíkur framleiðir bjórinn, sem er bruggaður eftir uppskrift Anders Kissmeyer, fyrrverandi gæðastjóra Carlsberg.

Bjórinn verður bruggaður í Bruggsmiðjunni á Árskógssandi. Heimir Hermannsson framkvæmdastjóri segir fyrirtækið leggja áherslu á gott hráefni. Bjórinn Geysir er svo væntanlegur þegar fram líða stundir.

- sun / sjá síðu 22

Ísland skrapar botninn í nýrri hagvaxtarspá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins:

## Spá minnsta hagvexti í sex ár

**EFNAHAGSMÁL** Íslandi er spáð þriðja lægsta hagvexti í heiminum árið 2008, 0,4 prósentum, samkvæmt nýjustu spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá því í apríl. Einugis er spáð minni hagvexti á Ítalíu, 0,3 prósentum, og Simbabve, 6,6 prósentum.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn spáir enn minni hagvexti á næsta ári, 0,1 prósenti, og hefur sjóðurinn ekki spáð minni hagvexti hérlendis frá árinu 2002. Spá sjóðsins gerir einnig ráð fyrir að hagvöxtur á Íslandi nái ekki meðaltali hagvaxtar þróaðra landa í heiminum fyrr en í fyrsta lagi árið 2012.

- bþa / sjá síðu 12





Rockwood fellihýsin 2008



Sumargjöf
Sólarrafhlaða, fortjald og gasgrill fylgir öllum fellihýsum
Tilboðið gildir til 15. júní

Frá 1.398.000 kr.

Þægindi um land allt

Í Útilegumanninum að Fosshálsi 5-9 færðu allt til ferðalagsins

Opið
Mán - fös 10.00-18.00
Helgar 12.00-16.00

Útilegumaðurinn

Polar hjólhýsin 2008



Hlaðin staðalbúnaði
- Sérhönnuð fyrir norðlæg slóðir
- Alde gólfhitakerfi
- iDC stöðugleikakerfi
- Sjónvarp & DVD

Frá 3.799.000 kr.

## SPURNING DAGSINS



*Júlíus, voruð þið að hanna atburðarásina?*

„Já, og þetta var gæðahönnun.“

Hanna Birna Kristjánsdóttir leysir Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson af hólmi sem oddviti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Júlíus Vífill Ingvarsson er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins.

Olíufélögin hækkuðu bensínverð um sex krónur eftir gríðarmikla hækkun erlendis:

# Snarpasta hækkun í manna minnum

**NEYTENDUR** Olíufélögin Skeljungur, Olís og N1 hækkuðu í gær verð á bensíni um sex krónur og verð á dísilolíu um sjö krónur. Það er langmesta einstaka hækkun í langan tíma, að sögn Más Erlingssonar hjá rekstrarsviði Skeljungs. Verðið á bensínlítra er þá komið í um 170 krónur og lítrinn af dísilolíu kostar tæpar 187 krónur.

Hækkunin kemur í kjölfar mjög snarprar hækkunar á olíuverði erlendis. Verð á hráolíutunnu hefur hækkað úr 122 dollurum í 135 síðan á föstudag, eða á tveimur viðskiptadögum. „Ég hef aldrei séð svona mikla hækkun áður,“ segir Magnús Ásgeirsson hjá Olís.

Már segir hækkunina hafa verið óumflýjanlega.

„Hún er alveg með ólíkindum þessi þróun undanfarna daga,“ segir Már, sem segist aldrei hafa séð aðrar eins hækkanir á jafnskömmum tíma. Ómögulegt sé að segja til um hvort koma muni til frekari hækkana.

Már segir að hækkanirnar megi rekja til gengisfalls Bandaríkjadals og harðorðrar yfirlýsingar Ísraelsmanna um hugsanlegar refsiaðgerðir gegn Írönum. Óvissa ríkir á alþjóðlegum mörkuðum og engin leið að segja nokkuð um hvernig verð á olíu þróast. - sh



**SKELJUNGUR** Bensínlítrinn kostar nú um 170 krónur og hefur aldrei kostað meira. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Vann með hættuleg efni:

## Fékk ofnæmi fyrir listinni

**DÓMSMÁL** Fyrrverandi nema við Listaháskóla Íslands hafa í héraðsdómi verið dæmdar 450 þúsund krónur í bætur fyrir ofnæmi sem tók sig upp hjá honum eftir meðhöndlun hættulegra efna á námskeiði í skólanum.

Konan sem um ræðir fór fram á fimmtán milljónir í bætur frá skólanum. Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að kennaranum hefði mátt vera ljóst að efnið væri hættulegt, hann hefði ekki sýnt nægja aðgát og væri því ábyrgur fyrir því hvernig fór. Konan þykir hins vegar sem fyrr geta sinnt vinnu sinni sem skyldi, og fær því engar bætur fyrir vinnutap. - sh

Kókaínburðardýrið:

## Á fimmta tug pakkninga

**LÖGREGLUMÁL Á fimmta tug fíkniefnapakkninga hafa nú gengið niður af hollenskum manni sem situr í gæsluvarðhaldi í lögreglustöðinni á Suðurnesjum. Enn er einhver slatti af pökkum í iðrum mannsins.**

**Hollendingurinn var handtekinn á fimmtudagskvöld fyrir rúmri viku í Leifsstöð, við komuna frá Amsterdam. Ljóst varð að hann var með aðskotahluti innvorts. Fljótlega skilaði fyrsta pakkningin sér svo. Hún reyndist innihalda kókaín.**

**Læknir fylgist með manninum. Ekki er talin hætta á að honum stafi hætta af pakkningunum úr því sem komið er. Þær eru komnar neðarlega í þarmana og liggja ekki lengur í magasýrum.** - jss

Sjálfstæðismenn í Reykjavík:

## Ósammála um Geirsgötustokk

**SKIPULAGSMÁL** Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður stjórnar Faxaflóahafna, vil að Geirsgata og Mýrargata verði lagðar í einn stokk í stað þess tveggja eins og gert er ráð fyrir í tillögum starfshóps um skipulag umferðarmannvirkja við tónlistarhúsið við Hafnarbakkann.

Formaður starfshópsins er Gísli Marteinn Baldursson, samflokksmaður Júlíusar. Hefur hann sagt í Fréttablaðinu að sátt hefði náðst um niðurstöðu hópsins.

„Við erum alls ekki að gera lítið úr þeim hugmyndum sem starfshópurinn setti fram,“ segir Júlíus Vífill. „Við erum bara að horfa á þetta út frá hagsmunum Faxaflóahafna og svo viljum við segja það að við séum að líta á tenginu sem sé nauðsynleg á milli gömlu miðborgarinnar og hafnarinnar.“ Ekki náðist í Gísla Martein. - jse

# Ísbjörninn sprengdur en ekki hengdur

**Niðurstöður krufningar ísbjarnarins sem áhöfnin á Guðnýju ÍS-266 drap árið 1993 sýna að hann var ekki hengdur heldur voru líffæri dýrsins kramin. Össur Skarphéðinsson, þáverandi umhverfisráðherra, lét breyta lögum vegna þessa.**

**NÁTTÚRA** „Dánarorsök er líklega sú að reipi var hert utan um kviðarhol dýrsins og því lyft þannig öfugu upp úr sjónum með þeim afleiðingum að lifur, nýra og fleiri líffæri sprungu. Ekki fundust ummerki á hálsi og barka sem bent gátu til að dýrið hafi látið lífið af völdum hengingar.“

Þetta eru niðurstöður krufningar frá 22. ágúst 1995 sem gerð var á Keldum að ósk umhverfisráðuneytisins.

„Þessi skýrsla hlaut ekki neina umfjöllun á sínum tíma vegna þess hversu seint hún kom,“ segir Karl Skírnisson, dýrafræðingur á Tilraunastöðinni á Keldum, annar þeirra sem framkvæmdu krufninguna á sínum tíma.



KARL SKÍRNISSON

Hann segir ástæðu seinkunarinnar hafa verið að ekki mátti kryfja dýrið nema með leyfi skipverja, sem ekki fékkst fyrr en árið 1995.

„Enn er alltaf talað um að björninn hafi verið hengdur. Hengingarsagan er í raun þjóðsaga því þetta hefur aldrei verið leiðrétt,“ sagði Karl.

„Ég brást ævareiður við þegar ég las skýrsluna á sínum tíma,“ segir Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra og þáverandi umhverfisráðherra.

„Ég hringdi í skipstjórann og húðskammaði hann. Eftir þetta atvik hafði ég forgöngu um að á Alþingi voru sett lög sem bönnuðu alfarið veiðar hvítabjarnar á sundi en um það giltu áður lög frá 1849.“

Hinn 24. júní árið 1993 fönguðu skipverjar á bátnum Guðnýju ÍS-266 frá Bolungarvík ísbjörn rúmlega sextíu mílur norður af Hornbjargi.

Samband Dýraverndunarfélaga Íslands kærði skipstjóra Guðnýjar ÍS-266 fyrir að hafa hengt bjarndýrið þar sem aflífunaraðferðin hafi ekki verið gerð jafn hratt og sársaukalaust og frekast var völ á eins og kveðið var á um í 9. grein þágildandi dýraverndunarlaga. Skipstjóri var sýknaður af ákærunni í Hæstarétti 26. maí 1994.

Í málinu lá hins vegar ekki fyrir krufningin sem leiddi í ljós raunverulega dánarorsök bjarndýrsins. Skipverjar á Guðnýju ÍS-266, sem á sínum tíma fönguðu ísbjörninn, neituðu að tjá sig um málið.

vidirp@frettabladid.is



**ÍSBJÖRNINN** Líffærin sprungu þegar skipverjar hífðu hann upp.



**NÁMAN** Björgunarmenn fara í gegnum brak í Karl Marx-kolanámunni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Námuslys í Úkraínu:

## Fundu einn látinn og 23 á lífi

**ÚKRAÍNA, AP Björgunarmenn hafa fundið 23 námaverkamenn á lífi í námu í Donetsk í Úkraínu. Mennirnir lokuðust inni þegar sprenging varð í námunni á sunnudag. Einn maður fannst látinn og að minnsta kosti þrettán til viðbótar er saknað. Ofanjarðar slösuðust fimm verkamenn.**

**Sprengingin varð á um þúsund metra dýpi í Karl Marx-námunni, þar sem önnur sprenging varð sjö manns að bana árið 1999. Búið var að loka námunni vegna öryggismála, en verkamennirnir sem lokuðust inni unnu að öryggisúrbótum í henni.** - þeb

Bruni í Hafnarfirði:

## Hús í Álfaskeiði stórskemmdist í eldsvoða

**BRUNI** Eldur kom upp í tveggja hæða húsi í Álfaskeiði um klukkan þrjú í gærdag. Að sögn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu er húsið stórskemmt. Ekki urðu slys á fólki en tólf ára drengur var inni í húsinu þegar bruninn kom upp.

Ekki er vitað um eldsupptök en málið er í rannsókn. Allt tiltækt lið slökkviliðsins var kallað út og gekk greiðlega að slökkva eldinn. - jse


FLUGFÉLAG ÍSLANDS

flugfelag.is

Skráðu þig í Netklúbbinn

Félagar í Netklúbbnum fá fyrstir upplýsingar um tilboð og nýjungar í tölvupósti.

Alltaf ódýrast á netinu

www.flugfelag.is





Arnarstofninn virðist standa í stað eftir samfelldan vöxt í fjörutíu ár:

## Varpið mun betra en í fyrra

**UMHVERFISMÁL** Íslenski arnarstofninn virðist standa í stað eftir samfelldan vöxt í fjörutíu ár og er nú um 65 pör. Af þeim verptu 43 pör í vor og er það mun meira en á síðasta ári þegar 34 arnarpör verptu. Minna bar á vísvitandi truflunum manna á varpslóðum arna en oft áður.

Ólafur K. Nielsen, sérfræðingur á Náttúrufræðistofnun, segir ástæðu þess að fleiri pör verpi nú en í fyrra einfaldlega þá að mun hagstæðara tíðarfar hafi verið í vor en í fyrra. „Það virðist hafa farið saman að í ár er hagstæð tíð og ofsóknir á hendur erninum hafa minnkað.“

Ólafur segir að þrátt fyrir að haförninn hafi verið friðaður í tæpa öld og teljist í útrýmingarhættu sé hann enn óvelkominn í augum margra. „Það tengist alltaf landnytjum og kerfisbundnar ofsóknir tengjast æðarrækt.“ Fuglahræður, flögg og línur sáust á nokkrum arnarsetrum í ár en við talningar sáust engir varphólmar sem höfðu verið brenndir eins og brögð hafa verið að.

Ernir verpa um og fyrir miðjan apríl. Ungarnir klekjast í lok maí en verða ekki fleygir fyrr en um miðjan ágúst. Þeir verpa nú eingöngu vestanlands og þá aðallega við Breiðafjörð, en einnig við norðanverðan Faxaflóa, á Vestfjörðum og við Húnaflóa á allra síðustu árum. - shá



**HAFÖRN** Hagstæðara tíðarfar er helsta ástæðan fyrir því að fleiri pör verpa nú en í fyrra.



HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is

## GENGIÐ 09.06.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 75,23 | 75,59 |
| Sterlingspund | 148,7 | 149,42 |
| Evra | 118,78 | 119,44 |
| Dönsk króna | 15,923 | 16,017 |
| Norsk króna | 14,961 | 15,049 |
| Sænsk króna | 12,703 | 12,777 |
| Japanskt jen | 0,7114 | 0,7156 |
| SDR | 122,71 | 123,45 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
152,4684

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lánsfjárkreppan hefur komið illa niður á sölu sumarbústaðalóða:

# Sumarbústaðalóðir seljast illa

**VIÐSKIPTI** Á Íslandi eru meira en sjö þúsund óbyggðar sumarbústaðalóðir, eða um 44 prósent allra sumarbústaðalóða á Íslandi. Heildarverðmæti þeirra er um sjö og hálfur milljarður. Þetta kemur fram í upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins.

Offramboð er af lóðum undir sumarbústaði, að sögn Jóns Hólms Stefánssonar, fasteignasala hjá fasteignasölunni Gljúfri. „Bændur og ýmsir sem keypt hafa land á síðustu árum hafa látið skipuleggja lönd undir sumarhúsabyggð,“ segir hann. „Erfitt er að selja lóðirnar frá því að fjármálakreppan byrjaði. Bankarnir hafa lánað fólki til kaupa á sumarbústaðalóðum gegn því að það tæki lán hjá þeim fyrir húsbyggingu. Síðan kreppan skall á hafa þeir hins vegar ekki viljað lána fyrir húsunum.“ Að sögn Jóns hefur sala á sumarhúsalóðum verið hæg frá áramótum.

Salan hefur þó verið skárri á tilteknum vinsælum svæðum, segir hann. Helst er þar um að ræða uppsveitir Árnessýslu, Grímsnes, svæðið kringum Flúðir, Bláskógabyggð og lönd í Borgarfirði. Svæði nálægt þéttbýliskjörnum á suðvesturhorninu og Norðurlandi seljast betur en önnur. - gh



**SUMARBÚSTAÐUR** Sala á sumarbústaðalóðum hefur verið hæg undanfarið.

Blönduósbær :

# Vilja fá ísbjörn

**LANDSBYGGÐIN** „Menn hafa verið að ræða það hér að það væri gaman að hafa lifandi ísbjörn hérna en það gæti þó orðið býsna flókið,“ segir Valgarður Hilmarsson, forseti bæjarstjórnar Blönduósbæjar.

„Það væri gaman að hafa hún í búri en hann stækkar náttúrlega,“ segir hann kankvís. „Þetta yrði auðvitað mjög dýrt en það er allt hægt ef út í það er farið. En svo var náttúrlega ísbjörn á leiðinni hingað til okkar á ráðstefnu sem haldin var vegna opnun hafíssetursins en hann var bara nokkuð seinn fyrir og síðan var hann bara veginn í Skagafirði,“ segir hann og hlær við. - jse



**VALKOSTIR STYRKTIR** Orkumálaráðherrar Bandaríkjanna, Japans og Kanada á fundinum í Aomori í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ráðherrar G8-ríkjanna:

# Meira fjárfest í vistvænni tækni

**JAPAN, AP** Orkumálaráðherrar G8-hóps mestu iðn- og olíuneysluríkja heims samþykktu í gær sameiginlega ályktun þar sem heitið er auknum fjárfestingum í orkusparnaðarlausnum og vistvænni tækni sem mótvægi við þá miklu kostnaðaraukningu sem olíuverðshækkanir valda hagkerfum þeirra og heimsins alls.

Fundinn í Japan sátu auk ráðherra G8–ríkjanna, ráðherrar frá Kína, Indlandi og Suður-Kóreu. Í yfirlýsingu hvöttu ríkin olíuframleiðendur til að auka framleiðslu, sem hefur síðustu þrjú ár haldist óbreytt í um 85 milljón fötum á dag. - aa

Félög háskólamanna:

# Vilja fund með ríkisstjórn

**KJARAVIÐRÆÐUR Samstarfshópur háskólamanna hefur farið fram á fund með stjórnvöldum til að leita lausna á kjaraviðræðum stéttarfélaga BHM, verkfræðinga, tæknifræðinga og lyfjafræðinga við samninganefnd ríkisins.**

**Í bréfinu kemur fram að 22 aðildarfélög BHM, auk félaga verkfræðinga og tæknifræðinga, hafi lagt fram kröfugerð um prósentuhækkun launa sem miði að því að draga úr kaupmáttarskerðingu.** - ghs

# Vegagerðin fleytir sér yfir verðbólgukúfinn

**Vegagerðin mun verðtryggja öll jarðvinnu- og byggingarverk út árið. Verktakar töldu sig ekki geta staðið við tilboð vegna efnahagsástandsins. Vonandi ekki afturhvarf til fyrri tíma segir forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans.**

**SAMGÖNGUR** „Við vorum farin að sjá mjög há tilboð og heyra frá verktökum sem ekki voru verðtryggðir, sem töldu sig ekki geta staðið við gerða samninga vegna þessara hækkana,“ segir Hreinn Haraldsson vegamálastjóri.

Vegagerðin hefur ákveðið að verðtryggja öll jarðvinnu- og byggingarverk tímabundið. Verktakar fá því greiddar verðbætur fyrir breytingu á vísitölum umfram þrjú prósent á ári. Útboð Vegagerðarinnar hafa hingað til aðeins verið verðtryggð ef þau eru til lengri tíma en tólf mánaða.

Hreinn segir það hagstæðara fyrir Vegagerðina að fara þessa leið. Þá þurfi verktakar ekki að velta því fyrir sér hver verðbólgan verði í framtíðinni, eða hver þróunin á verði á eldsneyti og hráefni geti orðið. Tilboðin ættu að vera hagstæðari vegna þess.

Einhver kostnaður mun falla á Vegagerðina vegna þessa, en Hreinn segir erfitt að áætla hversu mikill kostnaðurinn verði. Kostnaðurinn geti þó jafnast út að mestu vegna eðlilegri tilboða.

„Það eru mörg verð á leið í tilboð, og þessi ráðstöfun er hugsuð til þess að [...] við séum að fleyta okkur yfir verðbólgukúfinn og tryggja betri og eðlilegri tilboð,“ segir Kristján L. Möller samgönguráðherra.

Ekki er um að ræða afturhvarf til þess tíma þegar flestir samningar voru verðtryggðir, segir Kristján. Ástandið sé einfaldlega óvenjulegt og við því hafi Vegagerðin orðið að bregðast.

Samtök iðnaðarins fóru nýverið fram á það við Vegagerðina að komið yrði til móts við verktaka vegna verðbólgu og hækkandi verðs á aðföngum. Hreinn segist ekki reikna með því að verktakar segi sig frá verkum nú þegar verkin séu verðtryggð.

Verðtryggingin er tímabundin, og verður endurskoðuð í lok árs, segir Hreinn. Hann bendir á að sama leið hafi verið farin árið 2001, með góðum árangri.

brjann@frettabladid.is



**FRAMKVÆMDIR** Verktakar íhuguðu að segja sig frá verkum sem samið hafði verið um, vegna verðbólgu og verðhækkana á olíu og öðrum hráefnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## MAGNAR UPP VERÐBÓLGUNA AÐ LOKUM

„Þetta magnar upp verðbólguna að lokum, þar sem hver bítur í skottið á öðrum,“ segir Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans.

Fyrir fimmtán til tuttugu árum voru flestir langtímasamningar með verðtryggingu, allt frá verksamningum til húsaleigusamninga.

„Ég vona að við séum ekki að fá vísitölutengingar hægri vinstri, það væri afturhvarf og til þess fallið að auka á vandann,“ segir Edda Rós.

Verðtryggingin getur verið skynsamleg fyrir Vegagerðina, segir Edda Rós. Séu verktakar svartsýnir á að verðbólgan lækki skili þeir væntanlega hærri tilboðum en ella.

Fyrirtæki reyna nú í auknum mæli að velta gengisáhættu yfir á kaupendur, sem endurspeglar að verðbólguvæntingar hafa aukist, segir Edda Rós.

Hún segir ekki óeðlilegt að fyrirtæki reyni að tryggja sig gegn gengisbreytingum með þessum hætti, það sé fylgifiskur óvissu í efnahagsmálum.



**NÁIN** Sarkozy og Merkel heilsast með virktum í Straubing í Bæjaralandi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sarkozy hittir Merkel:

# Vill setja varnarmál á oddinn

**ÞÝSKALAND, AP Nicolas Sarkozy, forseti Frakklands, sem tekur við formennskunni í Evrópusambandinu um næstu mánaðamót, hitti Angelu Merkel, kanslara Þýskalands í suðurþýska bænum Straubing í gær.**

**Sarkozy sagði að hann þyrfti á stuðningi Þjóðverja að halda við að framfylgja því markmiði að efla sameiginlegra öryggis- og varnarmálastefnu Evrópusambandsins, og fleiri metnaðarfull verkefni Evrópusamstarfsins.**

**Í síðustu viku lýsti Sarkozy yfir að Frakkar myndu setja eflingu öryggis- og varnarmálasamstarfs ESB á oddinn á formennskumisseri sínu síðari helming þessa árs.** - aa

## NORÐURLÖND

### Danir eiga bestu strendurnar

Bestu baðstrendurnar á Norðurlöndum eru í Danmörku, að sögn norska dagblaðsins Aftenposten. Í Noregi eru bara fimm baðstrendur sem þykja verulega góðar, 34 í Svíþjóð, 216 í Danmörku, tvær á Íslandi og ein í Finnlandi.

## DÓMSTÓLAR

### Hrifsaði fé úr sjóðvél

Maður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur til að greiða sextíu þúsund króna sekt í ríkissjóð, fyrir að hafa í maí 2007 hrifsað 44 þúsund krónur úr sjóðvél Fjarðarkaupa í Hafnarfirði og hlaupið á brott. Maðurinn hefur komist ítrekað í kast við lögin frá 2002.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir
Veðurfréttamaður

**ÚRKOMULÍTIÐ**
Horfur eru á flottu veðri víðast hvar þegar líður á vikuna. Úrkomulaust að mestu og milt. Hægur vindur verður um mestallt land. Má búast við sólríku veðri fram að helgi og jafnvel fram yfir. Hitinn á bilinu 10-16 stig. Hlýjast til landsins syðra.



Á MORGUN
Hæg breytileg átt.

FIMMTUDAGUR
Hæg vestlæg átt. Þokuloft með ströndum.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Billund | 18° |
| Ósló | 18° |
| Stokkhólmur | 20° |
| Gautaborg | 17° |
| London | 23° |
| París | 25° |
| Frankfurt | 30° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Berlín | 28° |
| Alicante | 21° |
| Mallorca | 20° |
| Basel | 26° |
| Eindhoven | 23° |
| Las Palmas | 21° |
| New York | 38° |
| Orlando | 32° |
| San Francisco | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.







# Lykillinn að góðri framtíð

*Lykillinn* er ný og byltingarkennd þjónusta sem Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum sínum. Með *Lyklinum* getur þú skyggnst inn í framtíðina og áætlað eftirlaun og áfallalífeyri í hlutfalli við laun. Þú getur líka séð upplýsingar um núverandi stöðu þína á myndrænan og skýran hátt og fengið ráðleggingar frá okkur um hvað þú þarft að gera til þess að eiga góða fjárhagslega framtíð.

Sjóðfélagar fá sendan USB-lykil með kynningarmyndbandi, notandanafni og lykilorði sem þeir geta notað til þess að skrá sig inn á *Lykilinn.*

Kynntu þér málið á www.almenni.is eða í síma 440 4900

ALMENNI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

## KJÖRKASSINN



*Ert þú sátt(ur) við að Hanna Birna Kristjánsdóttir verði næsti borgarstjóri Reykjavíkur?*

| | |
|---|---|
| Já | 49,2% |
| Nei | 50,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú að íslenska lögreglan beiti harðræði?*

Segðu skoðun þína á vísir.is. vísir

Alþjóðlega matsfyrirtækið Standard & Poor's:

# TM sett á athugunarlista

**VIÐSKIPTI** Alþjóðlega matsfyrirtækið Standard & Poor's óttast að FL Group geti ekki staðið við skuldbindingar sínar. Því hefur fyrirtækið ákveðið að setja dótturfélagið Tryggingamiðstöðina (TM) og dótturfélag hennar, Nemi Forsikring ASA í Noregi, á athugunarlista.

Júlíus Þorfinnsson, upplýsingafulltrúi FL Group, segir að FL Group hafi verið í viðræðum við Standard & Poor's um málið þar sem lögð hefur verið áhersla á sterka eiginfjár- og lausafjárstöðu félagsins þrátt fyrir mikinn taprekstur síðustu missera. Hins vegar hafi Standard & Poor's verið bentá að eignasafn og fjárfestingarstarfsemi félagsins hafi verið endurskipulögð. „Þetta hefur skilað sér og við sjáum ótvíræð batamerki á öðrum ársfjórðungi."



**AÐALSTÖÐVAR TM** Tryggingamiðstöðin hefur verið sett á athugunarlista vegna skuldastöðu dótturfélagsins, FL Group.

Í tilkynningu Standard & Poor's, sem birt er á vef Kauphallarinnar, kemur fram að reiknað sé með því að ljúka athugun á þessum málum fyrir lok mánaðarins, þegar farið hefur verið yfir málið með stjórnendum FL Group og Tryggingamiðstöðvarinnar. Hins vegar gæti matseinkunn TM og Nemi lækkað um eitt eða fleiri þrep.

Júlíus segir að athugunin hafi ekkert með fjárhagslega stöðu TM að gera. Hún sé sterk og trygg. Athugun Standard & Poor's sé í rauninni í samræmi við þróun á fjármálamörkuðum síðustu mánuði. Þá sé athugun Standard & Poor's á FL Group alls ekki einsdæmi. **- as**

Tveir látnir í Grikklandi:

# Búist við stórum eftirskjálfta

**GRIKKLAND, AP** Jarðskjálftafræðingar hafa varað við sterkum eftirskjálftum eftir jarðskjálftann í Grikklandi á sunnudag.

Tveir fórust í skjálftanum og um 150 slösuðust. Þá jöfnuðust um 70 hús við jörðu og 30 skemmdust mikið í héruðunum Ahaia og Ilia. Um 230 hús skemmdust lítillega, sem og flugturn á herflugvelli í nágrenni við upptök skjálftans.

Mikil skjálftavirkni hefur verið eftir stóra skjálftann, sem mældist 6,5 á Richter. Búist er við eftirskjálfta upp á 5 til 5,5 á næstu dögum eða vikum. **- þeb**



**BEÐIÐ FYRIR FÓRNARLÖMBUM** Mikill fjöldi fólks hefur lagt leið sína í Akihabara-hverfið og beðið fyrir fórnarlömbum stunguárásarinnar á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stunguárásin í Japan:

# Boðaði árás á spjallsvæði

**JAPAN, AP Maðurinn sem stakk 17 manns í Japan á sunnudag hafði sagt frá fyrirætlunum sínum á spjallsvæði á internetinu.**

**Maðurinn hafði sent fjölda skilaboða úr farsíma sínum mörgum klukkustundum fyrir árásina þar sem hann lýsti fyrirætlunum sínum nákvæmlega. Síðustu skilaboðin bárust á spjallsvæðið aðeins tuttugu mínútum áður en árásin hófst. Í þeim stóð „tíminn er kominn". Maðurinn, sem er 25 ára gamall, er sagður hafa unnið í verksmiðju í héraði nálægt Tókýó. Hann sagði leiða á lífinu vera ástæðu þess að hann framdi ódæðisverkið. - þeb**

## SPÁNN

### Mótmæli hafa víðtæk áhrif

Mótmæli vörubílstjóra gegn háu eldsneytisverði á Spáni hafa meðal annars valdið því að bensínstöðvar hafa orðið uppiskroppa með bensín. Mótmælin munu halda áfram næstu daga og munu því líklega hafa víðtækari áhrif.

# Kæra ummæli ráðherra til Mannréttindadómstólsins

**Tveir sakborninga hafa kært meðferð Baugsmálsins til Mannréttindadómstóls Evrópu. Þeir telja brotið á rétti sínum til að teljast saklausir uns sekt er sönnuð. Sá þriðji boðar kæru til dómstólsins á næstunni.**

**BAUGSMÁL** Ummæli dómsmálaráðherra um Baugsmálið, löng málsmeðferð og skortur á fyrirsjáanleika vegna endurákæru leiða til þess að brotið var á sakborningum við meðferð málsins.

Þetta kemur fram í kæru Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, stjórnarformanns Baugs Group, og Tryggva Jónssonar, fyrrverandi aðstoðarforstóra Baugs, til Mannréttindadómstóls Evrópu. Þeir voru báðir sakborningar í málinu frá upphafi.

Tæpt ár er síðan kæra tvímenninganna var lögð fram, en enn hefur ekki verið tekin afstaða til þess hvort dómstóllinn muni taka málið til efnismeðferðar.

Í kærunni eru færð fyrir því rök í fimm liðum að brotið hafi verið á rétti þeirra við meðferð málsins.

Í fyrsta lagi með því að gefa út endurákæru eftir upprunalegum ákærum var vísað frá, tæpu hálfu ári eftir frávísunina. Að hafa engan tímaramma fyrir slíka endurskoðun þýði að ekki sé farið að kröfum um fyrirsjáanlega málsmeðferð.

Í öðru lagi hafi málsmeðferðin tekið of langan tíma. Þegar kæran var lögð fram var málinu ekki lokið, en því lauk í Hæstarétti síðastliðinn fimmtudag, tæpum sex árum eftir að rannsókn hófst.

Í þriðja lagi hafi verið brotið á rétti þeirra til að teljast saklausir uns sekt er sönnuð. Það er meðal annars rökstutt með tilvísun í ummælum dómsmálaráðherra, sem „oft hafi látið óviðeigandi orð falla" um málið á opinberum vettvangi, eins og segir í kærunni.

Einnig hafi yfirlögregluþjónn líkt sakborningum við skipulögð glæpasamtök. Þá hafi settur saksóknari í málinu tjáð sig með óviðeigandi hætti um rannsókn sem hann kom hvergi nálægt.

Í fjórða lagi sé ekki ljóst að réttað hafi verið yfir þeim af óvilhöllum dómstólum. Settur saksóknari hafi rætt við dómstjóra Héraðsdóms Reykjavíkur áður en endurákæra var gefin út, og nefnt tengsl dómara í fyrra málinu við vitni sem til stóð að kalla fyrir. Í kjölfarið var annar dómari skipaður til að fjalla um endurákærurnar.

Í fimmta lagi með handahófskenndri málsmeðferð þar sem verjendur gátu ekki áfrýjað þegar beiðni um frávísun var hafnað.

Mannréttindadómstóllinn getur ekki ógilt niðurstöðu íslenskra dómstóla. Hann getur hins vegar dæmt sakborningum táknrænar miskabætur, falli dómur þeim í hag.

Þriðji sakborningurinn í síðari hluta Baugsmálsins, Jón Gerald Sullenberger, hefur einnig boðað kæru til Mannréttindadómstólsins.

brjann@frettabladid.is



**KÆRA** Þeir Jón Ásgeir Jóhannesson og Tryggvi Jónsson telja að brotið hafi verið á þeim við meðferð Baugsmálsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## UMMÆLI RÁÐHERRA

■ „Hvers vegna allt þetta fjaðrafok um mál sem er nú til meðferðar í dómstólakerfinu? Er hugsanlegt að einhverjir viðskiptajöfrar á Íslandi telji sig hafna yfir lögin?"

**BJÖRN BJARNASON**
BJORN.IS 27. ÁGÚST 2005.

■ „Stórfrétt dagsins er að sjálfsögðu niðurstaða Hæstaréttar í kærumálinu vegna Baugs. Réttarkerfið hefur ekki sagt sitt síðasta orð í málinu."

**BJÖRN BJARNASON**
BJORN.IS 15. OKTÓBER 2005.

■ „Vara þig á fimmtánda mars, sagði spámaðurinn við Júlíus Sesar [...] Síðar þennan dag var Sesar myrtur, árið 44 fyrir Krist. Þótt sjálfur Sesar félli fyrir morðingjahendi þennan dag, lauk ekki sögu Rómarveldis, hún hélt áfram. Um héraðsdóm í Baugsmáli í dag ætla ég ekki að ræða – jafnvel lýsing mín á staðreyndum, getur valdið uppnámi."

**BJÖRN BJARNASON**
BJORN.IS 15. MARS 2006.




MP FJÁRFESTINGARBANKI

Hvaða ávöxtun er af þínu verðbréfasafni?




EIGNASTÝRING MP
óháður aðili - virk stýring

**Kynntu þér málið og hafðu samband - við tökum vel á móti þér**

**www.mp.is** **Sími 540 3200**




*...því að við Íslendingar viljum aðeins það besta!*

móar

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvað heitir formaður Félags framhaldsskólakennara?*

2 *Hversu margar kærur bárust úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála í fyrra?*

3 *Hvað heitir knattspyrnumaðurinn sem skoraði bæði mörk þýska landsliðsins gegn því pólska á sunnudaginn?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 30

PG Investment í Noregi:

## Rekstri hætt

**NOREGUR** GPG Investment á Húsavík sem á fiskverkunina GPG Norge tekið ákvörðun um að hætta allri starfsemi í Noregi. Í fréttum NRK hefur komið fram að íslensku eigendurnir hafi viljað selja reksturinn en stjórnendur GPG segja að ekki hafi tekist samkomulag um söluna og því hafi ákvörðun um lokun verið tekin.

Um eitt hundrað starfsmenn hjá GPG fiskverkun í Noregi hafa ekki fengið launin sín greidd í sex vikur en fiskverkuninni var lokað fyrir nokkrum vikum. **- ghs**

**KJARAMÁL**

### Kosið um kjarasamning

FÍA hefur nýlega skrifað undir kjarasamning við Flugfélag Íslands og lýkur atkvæðagreiðslu á föstudag. Þá hefur nýlega verið samið við Air Atlanta. Viðræður eru í gangi við Flugfélagið Erni og Landhelgisgæsluna.

# Kallað eftir endurskoðun

**Stjórnarandstaðan gagnrýnir samráðsleysi vegna svars til mannréttindanefndar SÞ. Varaformaður sjávarútvegsnefndar vill uppstokkun kvótakerfisins. Vinstri græn og frjálslyndir segja í raun ekkert koma fram í svarinu, en framsóknarmenn styðja það. Upphafsmaður málsins segir því alls ekki lokið.**



**GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON** Segir enn óvissu um viðbrögð ríkisstjórnarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**JÓN BJARNASON** Segir að nefndinni sé ekki svarað efnislega. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**KARL V. MATTHÍASSON** Vill að menn einhendi sér í endurskoðun á kvótakerfinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** Telur svarið eðlilegt. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR



**ÖRN SVEINSSON** Segir svarið eins og við var að búast. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## ENN ÓLJÓST HVERNIG BREGÐAST Á VIÐ

„Í raun er ekki enn hönd á festandi hvernig ríkisstjórnin mun efnislega svara mannréttindanefndinni. Það er bara vísað í stjórnarsáttmála um að kvótakerfið verði skoðað," segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins.

„Ég bjóst nú ekki við miklu miðað við svar ráðherra á þingi við fyrirspurn minni. Hann ræðir um að reynt verði að nálgast mannréttindi en ekki liggur fyrir hvernig. Þá fá þeir sem brotið var á engar bætur.

Við vitum því ekkert á hvaða vegferð þetta er, enda ekkert samráð haft við stjórnarandstöðuna. Mér finnst samt megininntakið í svari sjávarútvegsráðherra vera það að ekki eigi að breyta neinu í kerfinu og það er náttúrlega ótækt." **- kóp**

## ÁLIT NEFNDARINNAR ER HUNDSAÐ

„Þetta er ekkert svar frá ráðherra, hér er bara verið að drepa málum á dreif," segir Jón Bjarnason, þingmaður Vinstri grænna.

„Álit nefndarinnar, sem við höfum skuldbundið okkur til að fara eftir, er hundsað. Síðan eru óljós vilyrði um einhverja endurskoðun án nokkurra tímasetninga og því lýst yfir að hugað verði að breytingum „í átt að álitinu". Við verðum að virða mannréttindi, ekki eitthvað í átt að þeim."

Jón kvartar yfir algjörum skorti á samráði. „Hvorki Alþingi né sjávarútvegsnefnd er höfð með í ráðum í svona mikilvægu máli. Við fengum upphaflega ekki að vita af málinu fyrr en á miðjum vetri, þó að erindið hafi komið fram í desember. Það vantar allt samráð um þetta." **- kóp**

## FINNST ALLT OF VÆGT TIL ORÐA TEKIÐ Í SVARI

„Ég gleðst yfir þeim vilja sem kemur fram til að ráðast í endurskoðun á fiskveiðistjórnunarkerfinu, en tel að það þurfi að vinda sér strax í þá vinnu, ekki eingöngu vegna mannréttindanna heldur líka vegna minni útgerða og smábáta," segir Karl V. Matthíasson, Samfylkingunni.

„Mér finnst svarið frekar vægt, svo vægt sé til orða tekið. Ég hefði viljað sjá mun skýrari og ákveðnari svör og að það hefði verið skoðað hvernig hægt hefði verið að koma til móts við mennina sem hrundu málinu af stað."

Karl segir að kvótakerfið verði að endurskoða. „Eins og það er í dag ber það dauðann í sér fyrir stóran hluta smábáta og minni útgerða. Endurskoðunar er sannarlega þörf." **- kóp**

## MJÖG EÐLILEG FYRSTU VIÐBRÖGÐ

„Ég tel að svarið sé mjög eðlileg fyrstu viðbrögð til nefndarinnar. Að mínu áliti hefði hins vegar mátt hafa meira samráð við stjórnarandstöðuna," segir Valgerður Sverrisdóttir, Framsóknarflokki.

Hún segist ekki hafa talið að álit nefndarinnar kallaði á umbyltingu kvótakerfisins. „Ég styðst við álit sérfræðinga í þeim efnum. Ég tel eðlilegt að menn taki sér tíma í að endurskoða kerfið og það er boðað að það verði gert á kjörtímabilinu. Það er ekki hægt að bjóða sjávarútveginum neinar kollsteypur og við verðum að vanda okkur."

Valgerður segist samþykk því að bótakröfur eigi sér ekki stoð í landsrétti. Við það sé stuðst við álit fjölmargra lögfróðra manna. **- kóp**

## SAMA BULLIÐ OG ÉG BJÓST VIÐ FRÁ ÞEIM

„Ég er hæstánægður, þetta er nákvæmlega sama bullið og ég bjóst við. Það kemur ekkert af viti úr þessum manni," segir Örn Sveinsson skipstjóri um svar sjávarútvegsráðherra til mannréttindanefndar SÞ.

Örn var annar þeirra sem nefndin vildi að íslensk stjórnvöld greiddu bætur vegna kvótaleysis. Hann segir málinu alls ekki lokið, en vill ekkert gefa upp um næstu skref.

„Ég tel augljóst að nefndin mun ekki sætta sig við þetta svar. Við munum fá okkar þótt síðar verði. Ég er hræddur um að það þurfi að taka þá og kreista aðeins til að fá eitthvað út úr þeim.

Við sjáum samt til hvað Samfylkingin segir. Hún getur ekki skákað endalaust í skjóli samstarfsflokksins. Það mun gusta um hana líka." **- kóp**


www.toyota.is

SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA Á BETRA VEÐRI EN AÐRIR



**Toyota Corolla W/G**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.06 Ekinn: 42.000 km
Verð: 1.660.000 kr. Skr.nr. TR-131



**Toyota RAV4 GX**
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 06.06 Ekinn: 58.000 km
Verð: 3.360.000 kr. Skr.nr. OR-941



**Toyota RAV4**
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 12.04 Ekinn: 92.000 km
Verð: 2.600.000 kr. Skr.nr. RU-948
**Tilboðsverð: 2.090.000 kr.**



**Toyota Avensins**
1800 Bensín 5 gíra
Á götuna: 05.06 Ekinn: 38.000 km
Verð: 2.550.000 kr. Skr.nr. PM-494
**Tilboðsverð: 1.990.000 kr.**



**Toyota Avensis Sol**
1800 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 06.06 Ekinn: 54.000 km
Verð: 2.600.000 kr. Skr.nr. OF-072
**Tilboðsverð: 1.990.000 kr.**



**Toyota Corolla W/G**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 06.04 Ekinn: 105.000 km
Verð: 1.360.000 kr. Skr.nr. ML-184
**Tilboðsverð: 1.160.000 kr.**

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

**Núna bjóðum við 6 betri notaða bíla á sannkölluðum úrvalskjörum.**

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR TOYOTA

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 42711 06.2008

Hagkaup Garðatorgi Garðabæ lokar, flytjum í nýtt húsnæði á fimmtudag

# 40%

## RÝMINGARAFSLÁTTUR

af **ÖLLUM** vörum í versluninni þriðjudag og miðvikudag, allt á að seljast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**FBL-GREINING:** MANNRÉTTINDADÓMSTÓLL EVRÓPU

# Önnum kafinn mannréttindadómstóll

Mannréttindadómstóll Evrópu er dómstóll á vegum Evrópuráðsins sem stofnaður var 1950 til að fylgja eftir Mannréttindasáttmála Evrópu. Evrópuráðið er alþjóðasamtök 46 Evrópuríkja sem ætlað er að standa vörð um mannréttindi, lýðræði og réttarríkið. Mannréttindasáttmáli Evrópu er mikilvægasti mannréttindasamningur sem gerður hefur verið á vettvangi Evrópuráðsins. Hann hefur haft mikil áhrif hérlendis. Meðal annars var mannréttindakafla stjórnarskrárinnar gjörbreytt 1995, að miklu leyti til að vernda betur þau réttindi sem kveðið er á um í sáttmálanum. Fáum árum áður höfðu verið gerðar grundvallarbreytingar á íslenska dómskerfinu til að bregðast við dómi Mannréttindadómstólsins þar sem talið var að kerfið samræmdist ekki ákvæði sáttmálans um réttláta málsmeðferð og sjálfstæði dómstóla.

### Hvernig er dómurinn samsettur?

Dóminn skipa 47 dómarar, einn fyrir hönd hvers aðildarríkis. Davíð Þór Björgvinsson, prófessor í lögfræði, situr í dóminum fyrir hönd Íslands. Dóminum er skipt í fimm deildir.

### Hvernig er málsmeðferð fyrir dóminum háttað?

Bæði einstaklingar og önnur ríki geta lagt fram kæru fyrir dómstólnum telji þeir að ríki hafi brotið gegn skuldbindingum sínum samkvæmt Mannréttindasáttmálanum. Nefnd þriggja dómara tekur þá afstöðu til þess hvort kæran verði tekin til efnislegrar meðferðar af dómstólnum. Dómstóllinn getur svo kveðið upp dóma sem eru bindandi fyrir aðildarríkin. Ráðherraráði Evrópuráðsins er ætlað að fylgja dómum réttarins eftir.

Kærum til dómstólsins hefur fjölgað mjög samfara aukinni vitund fólks um réttindi sín samkvæmt Mannréttindasáttmálanum. Er svo komið að töluverð bið er eftir því að fá mál tekin til meðferðar hjá réttinum. Um áttatíu þúsund mál biðu meðferðar dómstólsins í lok síðasta árs, þar af sextán frá Íslandi. Af tæplega 29.000 málum sem dómstóllinn afgreiddi á síðasta ári var rúmlega 27.000 vísað frá, eða um níutíu prósent. Nýjum viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu, sem enn hefur ekki gengið í gildi, er ætlað að auka skilvirkni í meðferð mála.

### Hvaða áhrif hafa dómar Mannréttindadómstólsins?

Til að geta leitað til Mannréttindadómstólsins verða einstaklingar að hafa tæmt réttarúrræði innanlands, það er að hafa leitast eftir því sem frekast er unnt að fá viðunandi lausn á málum sínum fyrir réttarkerfinu innanlands. Þegar niðurstaða íslenskra dómstóla er kærð til dómstólsins er ekki formlega um áfrýjun að ræða, enda getur hann ekki breytt niðurstöðu íslenskra dómstóla. Hann getur þó dæmt ríkið til að greiða einstaklingi bætur telji hann að brotið hafi verið á réttindum einstaklings samkvæmt Mannréttindasáttmálanum.








**FRÉTTASKÝRING:** Vistvænar samgöngur



**RAFMAGN Á BÍLINN** Nýja kerfið myndi ýta undir innflutning og notkun vistvænni valkosta í landsamgöngum. NORDICPHOTOS/AFP

# Áfangi að orkubyltingu

**Mikilvægum áfanga að því marki að gera Ísland minna háð jarðefnaeldsneyti var náð nú í byrjun mánaðarins, er 111 síðna skýrsla starfshóps um „heildarstefnumótun um skattlagningu ökutækja og eldsneytis“ var birt.**

Starfshópurinn var skipaður fulltrúum ráðuneyta fjármála, umhverfis- og samgöngumála og sat að tillögugerðinni í meira en ár. Við vinnslu skýrslu sinnar ráðfærði starfshópurinn sig við 29 hagsmunaaðila, en samkvæmt skipunarbréfi hafði hann það hlutverk að gera tillögur um samræmda skattlagningu ökutækja og eldsneytis sem hefðu þau markmið að leiðarljósi að hvetja til notkunar vistvænna ökutækja, orkusparnaðar, minni losun gróðurhúsalofttegunda, aukinnar notkunar innlendra orkugjafa, fjármagna uppbyggingu og viðhald vegakerfisins og þjóna áfram sem almenn tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

### Grunnur að lagasetningu

Tillögurnar sem reifaðar eru í skýrslunni eru hugsaðar sem grunnur fyrir frekari ákvarðanatöku, svo að á grunni þeirra verði unnt að vinna frumvörp til laga. Bent er á að ýmsar tímabundnar reglugerðir um afslátt af gjöldum á vistvæn ökutæki og orkugjafa renna út um næstu áramót.

Í samantekt skýrslunnar er minnt á að almennt sé litið svo á að árið 2007 hafi sögulegu hámarki verið náð í olíuframleiðslu í heiminum. Hún fari á næstu árum minnkandi vegna takmarkaðra auðlinda. Að sama skapi hefur eftirspurn eftir olíu aukizt jafnt og þétt, ekki sízt vegna iðnvæðingar og hagvaxtar í Kína og á Indlandi, og mun að óbreyttu halda áfram að vaxa. Því er spáð að þetta ójafnvægi framboðs og eftirspurnar muni hafa í för með sér að áfram muni olíuverð hækka.

„Þjóðir heimsins eru farnar að bregðast við þessum aðstæðum með ýmsum hætti og einn ríkur þáttur í því er endurskipulagning skattlagningar á ökutæki og eldsneyti með það fyrir augum að vera ekki jafn háðar jarðefnaeldsneyti og verið hefur,“ segir í samantektinni. Að sama skapi sé með þessum breytingum verið að bregðast við áhrifum af völdum gróðurhúsalofttegunda og reyna að draga úr losun þeirra.

### Mest mengandi bílafloti Evrópu

Fyrir þá sem fylgzt hafa með bílainnflutningi hingað til lands á síðustu árum kemur það lítið á óvart að Ísland er með langhæstu meðaltalslosun koltvísýrings á hvern skráðan bíl af öllum aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins.

Þrátt fyrir að meðaltalslosunin hafi minnkað lítið eitt á síðustu árum hefur heildarlosun aukizt hér. Að óbreyttu er Ísland „afar langt frá að geta uppfyllt þau langtímamarkmið sem sett hafa verið um losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum,“ eins og bent er á í skýrslunni.

**TILLAGA AÐ NÝJU KERFI AÐFLUTNINGSGJALDA**

| Flokkur | Bil losunar CO2 (g/km) | Vörugjald nú (%) | Nýtt gjald (%) |
|---|---|---|---|
| A | 0-100 | 30 | 0 |
| B | 100-120 | 30 | 5 |
| C | 121-140 | 30 | 10 |
| D | 141-160 | 30 | 15 |
| E | 161-180 | 30 | 20 |
| F | 181-200 | 30/45 | 30 |
| G | 201-220 | 30/45 | 40 |
| H | 221-250 | 45 | 50 |
| I | Yfir 250 | 45 | 60 |

**DÆMI UM ÁHRIF NÝJA KERFISINS**



Hið nýja kerfi gjaldheimtu af nýjum bílum myndi valda u.þ.b. eftirfarandi verðbreytingum á mest seldu bílunum hérlendis í flokki smábíla, jepplinga og lúxusjeppa.

| Bifreið | Verð er | Verð yrði (u.þ.b.) |
|---|---|---|
| Toyota Yaris 1,0 (beinsk. bensín) | 1.980.000 kr | 1.600.000 kr. |
| Toyota Rav4 2,2 D-4D dísel | 4.990.000 kr | 4.000.000 kr |
| Toyota Rav4 2,0 bensín | 4.260.000 kr | 4.650.000 kr |
| Toyota Land Cruiser 200 V8 | 13.140.000 kr | 15.000.000 kr |

### Losun grunnur skattlagningar

Til að bregðast við þessari þróun ber að mati starfshópsins að grípa til ráðstafana sem eru í samræmi við alvöru málsins. Lagt er til að tengja skattlagningu í öllum fjórum núgildandi stoðum skattlagningar ökutækja og eldsneytis – stofngjalds (vörugjalds af ökutækjum), árgjalds (bifreiðagjalds), eldsneytisgjalds (vörugjalda af eldsneyti og olíugjalds) og notkunargjalds (kílómetragjalds) – við losun á koltvísýringi ($CO_2$). Það sé í takt við þá þróun sem nú þegar hefur átt sér stað í nágrannalöndunum.

Nánar tiltekið ganga tillögurnar út á eftirfarandi:

■ ***Stofngjald*** Í stað vörugjalda á ökutæki komi losunargjald sem miðist við skráða $CO_2$-losun í grömmum á ekinn kílómetra (sjá töflu). Undanþágur frá vörugjaldi, sem nú eru alls 35, verði einfaldaðar og þeim fækkað.

■ ***Árgjald*** $CO_2$-losun verði lögð til grundvallar bifreiðagjaldi í stað þyngdar ökutækis.

■ ***Kolefnisskattur*** Nýr skattur, kolefnisskattur, verði lagður á jarðefnaeldsneyti og miðist hann við markaðsverð fyrir losun á tonn af koltvísýringi. Þessi skattur myndi að óbreyttu hækka verð bensínlítrans um 5 kr. og díselolíulítrans um 6 kr.

■ ***Notkunargjald*** Kílómetragjald á ökutæki yfir 10 tonn verði óbreytt.

Í heild gera tillögurnar ráð fyrir tekjutilfærslu í skattlagningu af ökutækjum yfir á eldsneyti. Gengið er út frá því að heildarskatttekjur ríkissjóðs verði því sem næst óbreyttar við kerfisbreytinguna, en þegar um fimm ára reynsla verði komin á hið nýja kerfi verði það endurskoðað og stillt af.

Samkvæmt tillögunum er grunnur skattlagningarinnar með sameiginlega þræði þvert í gegn um allt skattkerfið, ólíkt því sem verið hefur. Að auki gera tillögurnar ekki upp á milli ólíkra tæknilausna vistvænna ökutækja eða vistvænna orkugjafa, en það út af fyrir sig væri mikilvæg framför frá núgildandi tímabundnu reglugerðum um gjaldaafslátt af tilteknum vistvænni lausnum.

### Ýtir undir vistvæna valkosti

Þar sem þessar tímabundnu reglugerðir renna út um næstu áramót er eðlilegt að vænta þess að ný löggjöf byggð á tillögum starfshópsins geti gengið í gildi strax þá.

Það vill svo til, að brátt koma á markað fyrstu fjöldaframleiddu tengil-tvinnbílarnir, það er bílar sem eru bæði knúnir með rafmagni og hefðbundnum brunahreyfli en bjóða upp á að rafgeymarnir séu hlaðnir úr innstungu. Þannig útbúnir bílar gæfu fólki færi á að aka bíl sínum að stærstum hluta á innlendu vistvænu rafmagni.

Slíkir bílar myndu lenda í lægsta gjaldflokki í nýja gjaldheimtukerfinu og vera þannig sérlega eftirsóknarverðir, ásamt hreinræktuðum rafbílum, metangasbílum og fleiri vistvænum valkostum. Þessi skattkerfisbreyting gæti þannig orðið upphafið að vistvænni orkubyltingu í landsamgöngum hérlendis.




FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

# bílaland

## Stærsta bílasalan - flottasti vefurinn

**FRÁBÆR BÍLALANDS-TILBOÐ!**

Framvegis starfa IH Notaðir bílar og Bílaland B&L saman undir heitinu Bílaland. Leitin að notuðum bíl hefst að sjálfsögðu hjá okkur, bestu kaupin eru gerð í Bílalandi þar sem úrvals þjónusta og gæði eru í fyrirrúmi.

Samhliða opnun Bílalands verður hleypt af stokkunum nýrri heimasíðu, þeirri bestu sinnar tegundar á landinu, með aðgengi að mjög ítarlegum og ábyggilegum upplýsingum um hvern bíl og áherslu á margar og góðar myndir.




## TILBOÐSBÍLAR


TILBOÐ **2.950.000 KR** BL
**BMW 320i**
Ekinn 80 þús. ssk. Nýskr. 10/05
Verð áður 3.650.000 kr.



TILBOÐ **5.190.000 KR** BL
**NISSAN PATROL**
Ekinn 16 þús. ssk. Nýskr. 10/06
Verð áður 5.830.000 kr.


TILBOÐ **2.490.000 KR** IH
**HYUNDAI TERRACAN**
Ekinn 77 þús. ssk. Nýskr. 05/05
Verð áður 3.340.000 kr.


TILBOÐ **2.180.000 KR** BL
**HYUNDAI TUCSON**
Ekinn 85 þús. ssk. Nýskr. 06/05
Verð áður 2.590.000 kr.


TILBOÐ **4.990.000 KR** IH
**NISSAN PATHFINDER 2.5 LE 35”**
Ekinn 23 þús. ssk. Nýskr. 07/07
Verð áður 5.990.000 kr.


TILBOÐ **1.990.000 KR** IH
**OPEL ZAFIRA 1.8 ENJOY**
Ekinn 22 þús. bsk. Nýskr. 09/06
Verð áður 2.330.000 kr.



TILBOÐ **3.170.000 KR** BL
**BMW X3 2.5**
Ekinn 56 þús. ssk. Nýskr. 08/04
Verð áður 3.990.000 kr.


TILBOÐ **3.990.000 KR** IH
**NISSAN MURANO 3.5 V6**
Ekinn 46 þús. ssk. Nýskr. 06/05
Verð áður 5.290.000 kr.


TILBOÐ **1.740.000 KR** BL
**RENAULT CLIO**
Ekinn 20 þús. ssk. Nýskr. 10/06
Verð áður 1.990.000 kr.


TILBOÐ **590.000 KR** BL
**RENAULT SCENIC II**
Ekinn 272 þús. ssk. Nýskr. 06/04
Verð áður 1.390.000 kr.


TILBOÐ **1.260.000 KR** BL
**LAND ROVER DISCOVERY**
Ekinn 178 þús. ssk. Nýskr. 03/00
Verð áður 1.480.000 kr.



TILBOÐ **690.000 KR** BL
**HYUNDAI SANTA FE**
Ekinn 118 þús. bsk. Nýskr. 12/00
Verð áður 990.000 kr.


TILBOÐ **750.000 KR** IH
**NISSAN PRIMERA ACENTA**
Ekinn 165 þús. bsk. Nýskr. 04/04
Verð áður 1.050.000 kr.


TILBOÐ **1.520.000 KR** IH
**FORD FOCUS C-MAX**
Ekinn 29 þús. ssk. Nýskr. 12/05
Verð áður 2.090.000 kr.


TILBOÐ **3.990.000 KR** IH
**CADILLAC SRX 3.6 V6 AWD**
Ekinn 51 þús. ssk. Nýskr. 01/05
Verð áður 4.650.000 kr.

### FINNDU RÉTTA BÍLINN Á WWW.BILALAND.IS!

Á nýja vefnum okkar, bilaland.is, finnurðu rétta bílinn með einfaldri leit. Hverjum bíl fylgir fjöldi mynda, skýrsla úr söluskoðun og þú hefur aðgang að sömu upplýsingum og sölumenn. Þú getur líka treyst því að allir bílar á vefnum eru enn í sölu.



IH = SÆVARHÖFÐI 2 BL = GRJÓTHÁLS 1

*Með fyrirvara um prentvillur.

**bílaland**
BILALAND.IS 575 1230
GRJÓTHÁLSI 1 & SÆVARHÖFÐA 2

ENNEMM / SÍA / NM33821

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.604 **-1,31%**

**Fjöldi viðskipta:** 209
**Velta:** 1.919 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **ATLANTIC PETROL.** | +4,26% | **ICELANDAIR** | -4,81% |
| **ALFESCA** | +2,03% | **TEYMI** | -3,99% |
| **ÖSSUR** | +0,85% | **EXISTA** | -3,42% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 6,72 -0,59% ... Bakkavör 33,00 -1,20% ... Eimskipafélagið 20,00 0,00% ... Exista 9,32 -3,42% ... Glitnir 16,95 -0,29% ... Icelandair Group 17,80 -4,81% ... Kaupþing 760,00 -1,30% ... Landsbankinn 24,20 -1,63% ... Marel 90,50 -0,55% ... SPRON 4,40 -1,57% ... Straumur-Burðarás 10,52 -1,50% ... Teymi 2,89 -3,99% ... Össur 94,80 +0,85%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Mesta tap í sögu Lehman Brothers*

Útlit er fyrir að bandaríski fjárfestingarbankinn Lehman Brothers tapi um 2,9 milljörðum dala, jafnvirði 220 milljarða íslenskra króna, á öðrum ársfjórðungi. Þetta er mesta tap í sögu bankans á einum fjórðungi síðan hann tók til starfa fyrir fjórtán árum. Endanlegar tölur verða birtar 16. júní næstkomandi. Til samanburðar nam hagnaðurinn 1,3 milljörðum dala á sama tíma í fyrra.

Tapið nemur 5,14 dölum á hlut samanborið við hagnað upp á 2,21 dal á sama tíma í fyrra. Þetta er talsvert meira en fjármálasérfræðingar höfðu reiknað með en fréttaveitan Thomson Financial hafði spáð um 22 senta tap á hlut.

Bankinn var sagður glíma við lausafjárstöðu um svipað leyti og fjárfestingarbankinn Bear Stearns rambaði á barmi gjaldþrots í mars síðastliðnum. Richard Fuld, forstjóri bankans, vísaði því hins vegar á bug.

Fuld sagðist í gær vera vonsvikinn með niðurstöðuna en hann vonaðist til að hlutafjáraukning og aðrar aðgerðir kæmi bankanum í gegnum ólgusjóinn á fjármálamörkuðum. **- jab**



**VONSVIKINN BANKASTJÓRI** Richard Fuld, forstjóri Lehman Brothers, er svekktur yfir mettapi bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Viðskipti felld niður

„Við mátum þetta sem mistök og felldum viðskiptin niður," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, en fyrstu viðskipti með hlutabréf í Straumi voru felld niður í gærmorgun.

Tilboðin hljóðuðu upp á 11,36 til 11,60 krónur á hlut og stökk gengi bréfa í bankanum upp um rúm sex prósent í kjölfarið. Á sama tíma lækkaði gengi bréfa í bönkum og fjármálafyrirtækjum.

Þórður segir ákveðið verklag gilda í Kauphöllinni þegar óvenjuleg tilboð berist í hlutabréf. Leitað sé eftir upplýsingum um þau líkt og í þessu tilviki. **- jab**

# Skuldatryggingarálag aftur á uppleið

„Áhættufælni er að aukast," segir Hjördís Dröfn Vilhjálmsdóttir hjá Greiningu Glitnis. Skuldatryggingarálag íslensku bankanna er byrjað að hækka aftur, eftir nokkra lækkun að undanförnu.

Hjördís segir að uppgjör annars ársfjórðungs hjá bandarískum bönkum leiði í ljós frekari afskriftir vegna undirmálslána.

„Þetta bitnar á öllum," segir Hjördís, sem bendir á að þrátt fyrir þetta séu íslensku bankarnir ekki með stöðu í slíkum lánum.

Rifjað er upp í Morgunkorni Greiningar Glitnis að álagið náði hæstu hæðum í kjölfar atlögu vogunarsjóða, sem vildu hagnast á efnahagsskelli hérlendis í náinni framtíð. Þá fór álagið hjá Kaupþingi og Glitni upp fyrir 1.000 punkta og yfir 800 punkta hjá Landsbanka. Tekist hafi að hrinda áhlaupinu og álagið farið lækkandi. Það hafi bent til þess að vogunarsjóðir og fjárfestar hafi gefist upp á að bíða eftir hruninu. **- ikh**




**HÆKKANDI SKULDATRYGGINGARÁLAG** Greining Glitnis telur að uppgjör bandarískra banka á öðrum fjórðungi séu meginskýringin á hækkandi skuldatryggingarálagi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Ísland skrapar botninn

Íslandi er spáð þriðja lægsta hagvexti í heiminum árið 2008, skv. spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Simbabve rekur lestina, spáð er neikvæðum hagvexti þar um 6,6 prósent, Ítalía er í næstneðsta sæti og spáð 0,3 prósenta hagvexti.

„Það er augljóst fyrir land eins og okkar að þegar uppsveiflan hefur mikið til byggst á fjármálakerfinu og húsbyggingum og hnykkur verður í fjármálakerfinu þá munum við finna meira fyrir honum en mörg önnur lönd sem byggja meira á framleiðslugreinum," segir Gylfi Zoëga, prófessor við Háskóla Íslands.

Gylfi bendir á að lönd sem hafa byggt vöxt sinn á fjármálamarkaði verða meira fyrir barðinu á fjármálakreppu en lönd sem byggja meira á framleiðslugreinum.

Nýkjörinn forsætisráðherra Ítalíu, Silvio Berlusconi, hefur lýst yfir neyðarástandi á Ítalíu vegna þeirrar kreppu sem þar ríkir og hefur heitið umtalsverðum efnahagsumbótum til að auka hagvöxt. Greint er frá þessu í franska blaðinu 24 stundum.

Þótt Ísland skrapi botninn í nýjustu spá Alþjóðabankans frá því í apríl síðastliðnum er þetta þrátt fyrir það framför frá síðustu spá bankans í október 2007. Í þeirri spá voru Ísland og Simbabve í sérflokki, einu ríkin þar sem spáð var neikvæðum hagvexti. Oftast hefur Ísland þó verið ofarlega á hinum listanum, enda hagvöxtur verið hér mikill á undanförnum árum.

Athuga ber að Alþjóðabankinn birtir ekki spá fyrir nokkur ríki þar sem stríðsástand eða óöld ríkir. **- bþa**



**HAGVÖXTUR UM HEIMINN** Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn birtir spá tvisvar á ári um hagvöxt í heiminum. MARKAÐURINN/IMF

| MINNSTI HAGVÖXTUR | |
|---|---|
| Simbabve | -6,6 prósent |
| Ítalía | 0,3 prósent |
| Ísland | 0,4 prósent |
| Bandaríkin | 0,5 prósent |

| MESTI HAGVÖXTUR | |
|---|---|
| Aserbaídsjan | 18,7 prósent |
| Angóla | 16 prósent |
| Armenía | 10 prósent |
| Túrkmenistan | 9,5 prósent |
| Kína | 9,3 prósent |
| Nígería | 9,1 prósent |
| Líbía | 8,8 prósent |
| Mongólía | 8,7 prósent |
| Afganistan | 8,6 prósent |





FRAMTÍÐ SJÁVARÚTVEGS

ALÞJÓÐLEG RÁÐSTEFNA Á AKUREYRI 12. JÚNÍ 2008

Innlendir og erlendir fræðimenn og stjórnendur munu fjalla um fjölbreytt efni sem tengist framtíð sjávarútvegs.

Sjávarútvegur hefur verið, er og verður í framtíðinni okkar mikilvægasta atvinnugrein.
Háskólinn á Akureyri ætlar að taka virkan þátt í mótun hans og stuðla að jákvæðri ímynd greinarinnar.

Ráðstefnan verður haldin á Hótel KEA, Akureyri og fer fram á ensku.
Allir velkomnir.



Nánari upplýsingar og skráning á http://fisheries.unak.is

LEGACY

SYMMETRICAL AWD

SUBARU

REKSTRARLEIGA / EINKALEIGA

- ENGIN ÚTBORGUN
- ÖLL ÞJÓNUSTA INNIFALIN
- ÞÚ SKILAR BÍLNUM EFTIR 3 ÁR

# 39.900

KR. Á MÁNUÐI FYRIR SJÁLFSKIPTAN LEGACY MEÐ ÖLLU!*

**GRÍPTU ÞETTA EINSTAKA TÆKIFÆRI ÞVÍ AÐ VIÐ BJÓÐUM AÐEINS TAKMARKAÐAN FJÖLDA BÍLA Á ÞESSUM KJÖRUM!**

**Ríkulegur búnaður:** Fjórhjóladrif, hiti í framrúðu og speglum, rafstýrð aðfelling spegla, 6 diska geislaspilari, 17” álfelgur, kastarar í stuðara, tvískipt tölvustýrð loftkæling, hiti í sætum, aksturstölva, hraðastillir o.m.fl.

Staðgreiðsluverð fyrir sjálfskiptan Legacy Sedan :

**3.150.000 kr.**



* Miðað við rekstrar- / einkaleigusamning til 36 mánaða (erlend myntkarfa). Athugið að lágmarks tryggingagjald sem greiða þarf í upphafi er endurgreitt í lok samningstíma. Innifalið í mánaðargreiðslu er öll áskilin þjónusta samkvæmt þjónustubók.

ENNEMM / SÍA / NM34216

## GÓÐ ÞJÓNUSTA HRESSIR, BÆTIR OG KÆTIR!

Við brosum til þess að láta þig vita að þú ert á réttum stað. Þú ert á réttum stað því hjá okkur færðu rétta bílinn og þjónustu sem gæti bjargað deginum. Komdu til okkar og spurðu um allt sem þig lystir og við munum leggja okkur fram um að svara þér eins vel og við getum.

Afbragðsþjónusta hefst með brosi á vör! – Starfsfólk Ingvars Helgasonar

Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000
Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521

IH
INGVAR HELGASON

## Sparaðu með Brimborg
### Ný rekstrarleiga með bílafrelsi og bensínverðvernd

# Í dag. Þú get bílnum efti

**Nýjung**
Bílafrelsi Brimborgar: styttri samningstími eða 24 mánuðir í stað 36

**Nýjung**
Bílafrelsi Brimborgar: ef þú vilt þá geturðu skilað bílnum eftir 12 mánuði eða 24

**Bílafrelsi Brimborgar 12-24.**

# Í dag. Dæmi um tilboð og bílafrelsi

Tilboð. Rekstrarleiga 39.946 kr. á mánuði.

**Mazda3 Touring Plus**

1,6i 105 hö 145 Nm sjálfskiptur 5 dyra
CO2 losun 191 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 8,0 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 2.850.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 39.946 kr. á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðslum er lántökukostnaður 417.458 kr.
6 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

Tilboð. Rekstrarleiga 29.355 kr. á mánuði.

**Citroën C1 SX**

1,0VVTi 68 hö 93 Nm 5 gíra 5 dyra
CO2 losun 109 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 4,6 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 1.690.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 29.355 kr. á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðslum er lántökukostn. 269.049 kr.
4 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

visthæf skref
með Brimborg
*Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6-8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | brimborg.is

* Brimborg og birgjar fyrirtækisins áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 24 mán. sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári.

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

# Bensínverðvernd Brimborgar




# ur skilað r 12 mánuði!

**Nýtt. Þú getur skilað bílnum eftir 12 mánuði.**

Bílafrelsi Brimborgar er ný útfærsla á rekstrarleigu. Nýjungin felst í tvennu: leigan er til 24 mánaða í stað 36 og þú getur skilað bílnum eftir aðeins 12 mánuði ef þú vilt. Öruggara getur það ekki verið. Þú nýtir þér bílafrelsi Brimborgar í dag og færð aukalega bensínverðvernd Brimborgar: Aðeins 99 krónur bensínlítrinn. Brimborg tryggir þér bensínlítrann á 99 krónur næstu 12 mánuði eða 1.500 lítra og gildir í 12 mánuði. Tilboðin gilda aðeins fyrir kaup eða leigu á nýjum bílum.

Komdu í Brimborg í dag og kynntu þér tilboðin sem fylgja bílafrelsi Brimborgar. Veldu öruggan stað að vera á. Komdu í Brimborg og kynntu þér bílafrelsi og bensínverðvernd Brimborgar. Kynntu þér einnig einstök kjör á nýjum bílum hjá Brimborg.

**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg**

Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu í Brimborg í dag. Komdu í kaffi og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan bíl hjá Brimborg í dag.

# Brimborgar á nýjum bílum:

Tilboð. Rekstrarleiga 73.523 kr. á mánuði.

## Volvo S60 SE m/leðri

2,0T 180 hö 240 Nm sjálfskiptur 4 dyra
CO2 losun 202 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 10,1 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 5.272.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 73.523 kr. á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðslum er lántökukostn. 725.969 kr.
4 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

Tilboð. Rekstrarleiga 59.950 kr. á mánuði.

## Ford Escape XLS AWD

2,3i 153 hö 206 Nm sjálfskiptur 5 dyra
CO2 losun 206 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 9,9 l/100 km
Staðgreiðsluverð: 3.690.000 kr.*
Bílafrelsi rekstrarleiga 59.950 kr. á mánuði í 24 mánuði. Innifalinn í leigugreiðslum er lántökukostn. 549.943 kr.
6 bílar á þessu tilboði.



Hringdu núna í síma 515-7000

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Forsendur útreiknings rekstrarleigu miðast við andvirði fjögurra afborgana í tryggingafé. Ef leigutaki ætlar að nýta sér Bílafrelsi eftir 12 mán., þarf viðkomandi að láta Brimborg vita með 15 daga fyrirvara. Lántökukostnaður eru vextir og stofngjöld vegna rekstrarleigu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Sjálfstæðisflokkurinn verður að taka af skarið um framtíð REI.

## Hin pólitíska sök

JÓN KALDAL SKRIFAR

Það er dapurlegt að sjá hvernig komið er fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Þetta verðmætasta fyrirtæki Reykvíkinga hefur eflst og vaxið að umfangi síðustu ár, en er nú eins og frosið fast á krossgötum. Ástæðan er einföld. Undanfarna mánuði hafa stjórnmálamennirnir, sem eiga að marka leiðina, leyft óvissu að hríslast um fyrirtækið með tilheyrandi stöðnun. „Orkuveitan hefur verið hálfmunaðarlaus,“ var lýsingin Guðmundar Þóroddssonar, fyrrverandi forstjóra Orkuveitunnar og REI, í upplýsandi viðtali í Fréttablaðinu um helgina.

Allt bendir til þess að það fát og fum sem einkennir nú pólitíska leiðsögn Orkuveitunnar leiði til þess að eigendur fyrirtækisins, borgarbúar, verði af miklum verðmætum. Ef svo fer má leggja þá ábyrgð óskipta í fangið á borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins. Þeir, eða fulltrúi þeirra, hafa farið með stjórnarformennsku í Orkuveitunni síðastliðin tvö ár, að undanskildum hundrað daga valdatíma Tjarnarkvartettsins.

Þungamiðjan í tilvistarkreppu Sjálfstæðisflokksins í málefnum Orkuveitunnar er auðvitað stofnun og tilgangur REI. Hugmyndasmiðurinn að baki REI var Guðlaugur Þór Þórðarson, þáverandi stjórnarformaður Orkuveitunnar. Þegar Guðlaugur hvarf til annarra starfa tók arftaki hans í Orkuveitunni, Haukur Leósson, við keflinu og hélt ótrauður áfram á sömu braut. Yfirlýstur tilgangur REI var kristaltær. Það átti að hasla sér völl í útflutningi á þekkingu á sviði umhverfisvænna orkugjafa. Og til að lágmarka áhættu Orkuveitunnar átti að fá fjárfesta úr einkageiranum að því verkefni. Um þetta var enginn ágreiningur fyrr en kom að sameiningu við Geysi Green Energy síðastliðið haust. Sú saga er vel þekkt. Ekki varð af sameiningu félaganna og framtíð REI var sett í fullkomið uppnám.

Í viðtalinu við Guðmund veltir hann fyrir sér hver sé hin pólitíska sök á bak við REI-klúðrið. Var það að stofna fyrirtækið? Var það afgreiðslan á fyrirhugaðri sameiningu REI og GGE? Eða er það að halda ekki áfram með REI eins og til var stofnað?

Svörin eru þessi: Stofnun REI var skynsamleg og rökrétt. Guðlaugur Þór sýndi þar mikla framsýni. Afgreiðslan á sameiningunni við GGE var hins vegar klárlega pólitískt klúður sjálfstæðismanna. Þar kom í ljós að engin samstaða var innan borgarstjórnarflokksins um fyrirhugaða sameiningu. Mun alvarlegra mál er þó ef sú niðurstaða verður ofan á að slá af upphaflegan tilgang REI.

Guðmundur metur möguleika REI ennþá mikla og bendir á að ýmis verkefni eru í pípunum. Spurningin um hvort REI ætli sér að nýta sér þessa möguleika er lykilatriðið í stöðunni sem nú er komin upp. Og sjálfstæðismenn verða að sýna þann manndóm að fara að svara.

Ef svarið verður neikvætt, nú eða áframhaldandi flótti frá ákvörðun, verða borgarbúar að sætta sig við að reynsla, þekking og tengslanet, sem hefur byggst upp fyrir þeirra skattfé í áranna rás, muni renna út úr Orkuveitunni án endurgjalds.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Óskar skyggir á Dag

Hallur Magnússon, ráðgjafi og framsóknarmaður, bloggar um að hann hafi lent í úrtaki skoðanakönnunar Félagsvísindastofnunar, sem Samfylkingin hafi pantað. Í lokaspurningunni var Hallur beðinn að gefa „öllum helstu“ borgarfulltrúum einkunn og vakti það athygli hans að í þann hóp vantaði Óskar Bergsson, oddvita Framsóknarflokksins í Reykjavík. Þetta er með ráðum gert að mati Halls og ástæðan getur aðeins verið ein: Samfylkingin er að reyna að þegja Óskar í hel, þar sem hann þykir skyggja of mikið á Dag B. Eggertsson.



### Yfir til Hönnu

Hallur segir að Samfylkingin ætti hins vegar að hafa í huga að Óskar gæti launað henni lambið gráa með því að mynda nýjan meirihluta með Hönnu Birnu að ári. Þetta er þó háð því að Ólafur F. Magnússon „nenni ekki“ að sitja í borgarstjórn eftir að hann hættir sem borgarstjóri. Best að afskrifa ekki neitt í ljósi atburða á þessu kjörtímabili. En ef Óskar Bergsson gengi til liðs við sjálfstæðismenn til þess eins að vera getið í skoðanakönnunum er ekki víst að niðurstöðurnar yrðu honum – eða Halli – að skapi.



### Útkall: Villi er að hætta

Þór Jónsson, forstöðumaður almannatengsla Kópavogsbæjar og fyrrverandi fréttamaður á Stöð tvö, var kallaður til sögunnar af Sjálfstæðisflokknum í Reykjavík á laugardag, þegar tilkynnt var um oddvitaskipti. Að sögn Þórs var hann búinn að koma sér makindalega fyrir framan sjónvarpið til að að fylgjast með EM í fótbolta þegar hann fékk óvænt símtal frá sjálfstæðismönnum og hann beðinn að aðstoða við að sjóða saman fréttatilkynningu og senda hana til fjölmiðla. Þór áréttar hins vegar að útkallið hafi aðeins verið tilfallandi verkefni, hann sé enn í fullu starfi hjá Kópavogsbæ.

bergsteinn@frettabladid.is

## Bjargvættir eða fargvættir



GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

**Í DAG** | Ísbjarnarblúsinn

Andspænis ísbirni er fyrsta hugsun Íslendings ekki sú að knúsa hann – að minnsta kosti ekki skagfirsks karlmanns sem á byssu. Ísbjörninn er vissulega tákn fyrir náttúruna í augum þjóðarinnar, en sú náttúra er ekki góð í sjálfri sér þótt hún kunni að vera fögur og mikilfengleg. Þvert á móti er hún viðsjál og ógnandi – og óútreiknanleg. Í hefðbundnum íslenskum hugarheimi er maðurinn ekki algóður verndari og vinur alls sem er heldur eitt dýrið sem á í samkeppni við hin.

Ísbjörninn er óvinur þinn og keppinautur sem þér ber að sýna þá sjálfsögðu virðingu að útmá.

### Réttupphend sem...

Við munum rökin fyrir hvaladrápinu: þeir eru að klára fiskinn í sjónum – og er því þá látið ósvarað hvernig fiskigengd hélst við Ísland allar þær aldir þegar engar voru hvalveiðar hér við land. Svo rammt kvað að þessari hugmyndafræði fyrir nokkrum árum að sett var á fót útrýmingaráætlun á selum með þeim rökum að þeir bæru í sér hringorm (sem farið var að kalla selorm) og var kenningin sú að ormurinn bærist úr selunum í þorskinn. Aftur voru inngrip og afskipti mannsins – dráp hans – talin grundvallarforsenda fyrir jafnvægi í náttúrunni.

Þau sárafáu spendýr sem hér skrimta utan forræðis og seilingar manna eru sjálfkrafa ógn við mannfólkið samkvæmt þessari hugmyndafræði – og réttdræp hvar sem til þeirra næst og eiga sér engan tilverurétt.

Í ísbjarnarmálinu lýstur tveimur samfélögum saman með óvenju skýrum hætti: samfélagi veiðimanna og samfélagi ímyndarsmiða. Náttúrubörnum og náttúruverndarfólki. Dreifbýlisfólki og þéttbýlisfólki. Nýtingarsinnum og friðunarsinnum.

Þeir sem líta umfram allt á náttúruna sem fjandsamlegt afl hafa að sjálfsögðu ýmislegt til síns máls eins og skjálftarnir á Suðurlandi vitna um; náttúran er hér á landi bæði gjöful og ógnvænleg, hún er lifandi og ískyggilegt afl en ekki endilega góð og göfug í eðli sínu. En óneitanlega hvarflar þó að manni að við lifum fjörbrot þessarar hugmyndafræði. Erlendir fjölmiðlar hafa leitt að því sannfærandi rök að útflutningur Kristjáns Loftssonar á hvalkjöti til Japans sé bara blekkingarleikur – þar sé enginn raunverulegur kaupandi og þetta sé einungis tilfærsla frá einum frystigámnum í annan, til þess ætluð að slá ryki í augu fólks og telja því trú um að til séu markaðir fyrir þetta einkennilega kjöt. Réttupphend sem langar í hvalkjöt...

*Enn er fólki hér ekki lagið að hugsa í ímyndum og táknum, eins og tíðkast annars staðar um hinn vestræna heim: ísbjörninn er tákn um ógn sem steðjar að jörðinni.*

### Allar skyttur Skagafjarðar

Umhverfisráðherra átti vitaskuld erfitt með að ganga í berhögg við það mat heimamanna að ísbjörninn væri farinn að gera sig líklegan til mannvíga („hann var farinn að hnusa svona út í loftið,“ sögðu þeir í sjónvarpinu). Að vísu sögðu aðrir að hann hefði verið skotinn vegna þess að hann hefði verið að hlaupa burt frá fólki og væri alveg að hverfa í þokuna. Ekki er gott að segja hvort menn hafa talið að þar með væri hann endanlega týndur og tröllum gefinn – maður hefði haldið að þegar þokunni létti myndi nútímatækni gera mönnum kleift að finna slíkt dýr. Og loks sögðu þeir að ekki hefði verið til deyfilyf á landinu, sem reyndist að vísu ekki rétt.

Þarna voru mættar allar skyttur Skagafjarðar, hver annarri skotglaðari. Ekki á hverjum degi sem maður kemst í slíka veiði. Og menn virðast hafa sannfært hver annan á augabragði um nauðsyn þess að vega dýrið – og sjálfsagt ekki verið erfitt.

Umhverfisráðherra tók gott og gilt það sem þar til bært fólk á vettvangi sagði við hana: erfitt er að áfellast hana fyrir það í sjálfu sér, þó að hún hefði kannski mátt huga meira að því að hér er um að ræða dýr sem talið er í útrýmingarhættu, og hefði líka mátt taka sér tíu mínútur í að kanna áætlanir um viðbrögð við sambærilegar aðstæður á Svalbarða. Jafnvel hefði hún mátt sannreyna skortinn á deyfilyfi.

Því þarna urðu Íslendingar af gullnu tækifæri. Enn er fólki hér ekki lagið að hugsa í ímyndum og táknum, eins og tíðkast annars staðar um hinn vestræna heim: ísbjörninn er tákn um ógn sem steðjar að jörðinni. Þeir sem hefðu farið af stað til að bjarga ísbirninum hefðu orðið að tákni fyrir þá viðleitni að bjarga jörðinni. Keikómálið var aðeins of bjánalegt á sínum tíma en hitt að koma ísbirninum heim til sín aftur hefði orðið verðugt verkefni: þar hefði bjásturshvöt íslenskra karlmanna aldeilis notið sín og þar hefði óviðjafnanleg saga um frækilega björgun fengið að breiða úr sér frammi fyrir heimspressunni. Okkur líður nefnilega betur þegar við björgum nauðstöddum en förgum þeim – og við komum líka betur út.

## Brottreknir ræstitæknar í Valhöll?

**UMRÆÐAN**

Ögmundur Jónasson skrifar um kjaramál



ÖGMUNDUR JÓNASSON

Vefsíða Landspítalans auglýsir fundi fyrir starfsmenn Landspítalans með heilbrigðisráðherra. Ekkert nema gott um það að segja að heilbrigðisráðherra vilji sitja fyrir svörum hjá starfsfólki í heilbrigðiskerfinu og eðlilegt að Landspítalinn auglýsi þetta framtak ráðherrans. Það sem hins vegar er óvenjulegt við þetta fundarboð á vef Landspítalans er að fundarstaðurinn skuli vera Valhöll, félagsheimili Sjálfstæðisflokksins þar sem vertinn er Landsmálafélagið Vörður.

Tilefni fundahalda Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, heilbrigðisráðherra, er ærið. Víða þarf hann að verja eigin gjörðir. Þannig hefur hann dregið úr framlagi til Landspítalans á fjárlögum að raungildi. Ítrekað hefur heilbrigðisráðherra sagt fullyrðingar í þessa veru ósannindi og horfir þá í krónufjöldann sem til sjúkrahússins rennur. Þá vill hann gleyma að hafa hliðsjón af umfangi þeirra verka sem sjúkrahúsinu er ætlað að sinna. Ríkisendurskoðun hefur sýnt fram á að jafnt og þétt hafi verið þrengt að sjúkrahúsinu á undanförnum árum. Aldrei hefur ástandið verið eins slæmt og nú. Sveltistefnan er síðan notuð til að einkavæða starfsemi LSH í bútum. Ýmsir verkþættir eru þegar komnir til verktaka og minnast margir eflaust þeirra deilna sem risu í vetur þegar hafist var handa um að bjóða út störf læknaritara.

*Aldrei hefur ástandið verið eins slæmt og nú. Sveltistefnan er síðan notuð til að einkavæða starfsemi LSH í bútum.*

Ræstitæknarnir eru flestir komnir til verktakafyrirtækisins ISS. Þar eru kjörin rýrari en þau voru þegar þetta starfsfólk starfaði milliliðalaust hjá sjúkrahúsinu, enda leikurinn til þess gerður að spara á kostnað starfsfólksins. Um mánaðamótin var ræstitæknum á Barna- og unglingageðdeildinni sagt upp störfum. Skyldu þeir hafa mætt í Valhöll til að heyra heilbrigðisráðherra Sjálfstæðisflokksins útskýra hve þjóðhagslega hagkvæmar uppsagnirnar væru?

*Höfundur er alþingismaður og formaður BSRB.*










HÚSGAGNA LAGERSALA
Engar Verðhækkanir!
Allar vörur á gamla genginu
FRAMLEIÐUM
Sófasett ,hornsófa, staka sófa, tungusófa og fl.
www.patti.is
Visa/Euro/K-lán /Raðgreiðslur
Almennur opnunartími
Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16
Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510



Gluggar & hurðir
Gluggar, hurðir, og svalahurðir úr viðurkenndu PVC-U hágæða efni frá REHAU
Kjarnagluggar hafa einstakt einangrunargildi og eru til í mörgum gerðum.
Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla
Sparaðu tíma • leitaðu tilboða
netfang: gluggar@vortex.is
Ekkert viðhald
Kjarnagluggar
Skemmuvegi 46 • 200 Kópavogi
sími 564 4714 • Fax 564 4713
www.kjarnagluggar.is



Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið


FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Ragnar lætur aldrei sjá sig á golfvellinum nema vel klæddan.

# Golf er minn lífsstíll

***Golfíþróttin á hug og hjörtu margra og er Skriðjökullinn Ragnar Kristinn Gunnarsson í þeirra hópi. Hann spilar golf hvenær sem tækifæri gefst.***

„Ég spila golf helst fjórum til fimm sinnum í viku ef veður leyfir yfir sumartímann. Svo sæki ég golf til útlanda yfir veturinn en ég á litla íbúð á Spáni og fer þangað eins oft og ég get. Þar eru golfvellir í hundraðatali,“ segir Ragnar, nýkominn af vellinum. Hann segir golfið lífsstíl en hann hefur stundað það í rúm tuttugu ár. „Ég hafði þefað af þessu sem ungur strákur en byrjaði að stunda þetta árið 1985. Ég mun halda þessu áfram svo lengi sem ég get en þetta er auðvitað spurning um hvaða tíma maður hefur. Maður fer ekki í golf fyrir minna en fimm til sex klukkutíma. Það er svo margt sem spilar inn í þetta, útiveran og sambandið við náttúruna, fuglalífið og félagsskapurinn.“

Ragnar segist heppinn með það að fjölskyldan sýni þessu tímafreka áhugamáli hans skilning. Áhuginn sé jafnvel farinn að smita út frá sér.

„Það er lífsstíll í kringum þetta og sem betur fer á ég fjölskyldu sem líður þetta og ég fæ engar skammir þó ég komi heim klukkan ellefu eða tólf jafnvel. Dóttir mín vinnur reyndar í golfskálanum hér í Grafarholti og konan mín æfir líka. Svo eru fjölskyldumeðlimir að bætast við, bróðir minn og börn og barnabörn og frændur og frænkur og vinir og vandamenn.“

Ragnar á sinn uppáhaldsvöll í Grafarholti og segir hann yfirburðavöll á Íslandi. Hann tekur reglulega þátt í mótum og er með átta í forgjöf. „Ég hef nú komist niður í fimm í forgjöf en svo gengur vel og illa til skiptis. Akkúrat núna er ég í hærri kantinum miðað við það sem það ætti að vera,“ segir hann kankvís.

Það er ekki sama hvernig menn mæta klæddir til leiks á golfvellinum og lætur Ragnar aldrei sjá sig nema vel klæddan. Segir það grundvallaratriði. „Menn eiga að vera snyrtilega klæddir í golfi og mér líður betur ef ég er vel klæddur á golfvellinum. Þegar ég vakna á mánudegi og er að fara í golf á þriðjudegi þá hugsa ég „í hverju á ég að fara?“. Þetta er alveg eins og þegar konurnar eru að fara á dansleiki, þetta skiptir miklu máli.“

*heida@frettabladid.is*


JÚNÍ
Kafbátur mánaðarins
Grænmetis sæla
6 tommu bátur
329 kr.
Gildir í júní 2008
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnumáli
SUBWAY í fínu formi
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða og ljúffengum sósum
SUBWAY
Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.
HjartaHeill

**Vökvatap** getur átt sér stað í líkamanum þegar við æfum mikið. Mikilvægt er fyrir hlaupara að hafa vatn með sér á lengri hlaupum til að koma í veg fyrir ofþornun.




Stinnari á 4 vikum...
Ný kynslóð af Slendertone System tækjum ... mun öflugri en áður!
SLENDERTONE
System belti fyrir kviðvöðva
dömu / herra
kr. 22.980,-
eða 7.660 á mán. í 3 mán.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is



Flottir kroppar
- Losnaðu við appelsínuhúð, slit og slappa húð
- Frábærar líkamsmeðferðir sem fegra, grenna og stinna!
- Brasilískt súkkulaðivax
- Andlitsmeðferðir, förðun o.fl.
- Pantanir í síma **557 3939**

HREYFI GREINING
SJÚKRAÞJÁLFUN OG LÍKAMSRÆKT
Höfðabakka 9 Sími: 511-1575 www.hreyfigreining.is



Á Grænni Grein
Grænmetisréttir
FRÁBÆRIR OG ÓDÝRIR GRÆNMETISRÉTTIR.
Grænmetisveitingastaðurinn Á grænni grein er eins árs. Við þökkum frábærar móttökur á árinu og blásum til afmælisveislu þriðjudag og miðvikudag. Boðið verður upp á smakk, smárétti og fría afmælisköku fyrir viðskiptavini.
Einnig verður glaðningur og andlitsmálun fyrir börnin frá kl. 14:00-17:00.
Komið og bragðið á hollum og ljúffengum réttum, opið er frá 11:00-19:15. Hagstæð tilboð út vikuna.
Veitingastaðurinn Á grænni grein, Bláu húsunum Faxafeni, Suðurlandsbraut 52.
agraennigrein.is




„Maður verður bara að gæta þess að ganga ekki nærri plöntunum heldur umgangast þær með virðingu og tína hóflega á hverjum stað," segir Ingólfur, sem sjálfur ræktar kryddjurtir og grænmeti í Engi í Biskupstungum. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

# Íslensk grös gersemar

***Villt náttúra geymir margar nytja- og lækningajurtir sem eru aldrei betri en á þessum árstíma þegar þær eru í sem örustum vexti. Ingólfur Guðnason garðyrkjufræðingur í Engi í Biskupstungum er fróður um íslensku flóruna.***

„Íslensku grösin eru mörg hver þrungin af bæti- og steinefnum, einkum snemma sumars," segir Ingólfur, sem hefur kynnt sér nytjajurtir í íslenskri náttúru. „Margt af því sem vex við fætur fólks uppi í sveit og við sumarbústaðinn er upplagt á borðið, bæði til átu og drykkjar," heldur hann áfram og tekur njóla, túnsúru, fíflalauf og hvönn sem dæmi um heppilegar jurtir í salatskálina. „Túnsúran er ein þeirra plantna sem fólk beið eftir á vorin áður fyrr. Njólinn var líka tekinn snemma og fíflalaufin eru ágæt á þessum tíma áður en remman kemur í þau, eins og líka nýsprottin hvannablöð. Síðan eru birki, maríustakkur og ljónslappi góð í



Ljónslappi er ein íslensku teplantnanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

jurtaseyði um þetta leyti og þóttu holl og styrkjandi eftir veturinn. Skarfakálið er þekkt C-vítamínauðug fjörujurt, bragðið er sterkt og minnir á piparrót. Fjallagrös, söl og ætihvönn eru þó þrjár algengustu tegundirnar sem allir notuðu. Þær þykja með afbrigðum hollar. Hvannarótin var ein mikilvægasta nytjajurtin. Hún var tuggin hrá, hún var steikt og hún var soðin í mjólk."

Te- og lækningajurtirnar eru kröftugastar í kringum Jónsmessuna að sögn Ingólfs og telur hann upp blóðberg, einiber, birki, vallhumal, ljónslappa, maríustakk, baldursbrá, mjaðjurt, aðalbláberjalauf og rjúpnalauf; þekktar drykkjarjurtir bæði vegna bragðsins og hollustunnar. „Þær er kjörið að þurrka," segir hann. „Maður verður bara að gæta þess að ganga ekki nærri plöntunum heldur umgangast þær með virðingu og tína hóflega á hverjum stað og gott er að hafa skæri með sér við söfnunina."

Ingólfur segir kalt vatn verða enn meira svalandi ef bætt sé út í það bragðmiklum jurtum, súru, birki, skarfakáli eða ferskri myntu úr garðinum. „Fersk blöðin eru látin standa í köldu vatni um stund," lýsir hann. „Þau gefa frískandi keim og einnig steinefni, ekki spillir sítrónu- eða súraldinsneið með." Hann kann líka að búa til bragðsterkari kaldan drykk úr birkilaufi og í lokin koma leiðbeiningar um gerð hans. „Maður safnar slatta af ungu og fersku laufi, fyllir pott með því og hellir sjóðandi vatni yfir. Þetta er látið standa yfir nótt í ísskáp. Eftir það er laufið síað frá og svo má bæta hunangi eða sykri út í. Þetta er hægt að geyma í ísskáp í nokkra daga og þá er fólk komið með næringarríkan og fínan íslenskan svaladrykk."

*gun@frettabladid.is*


kristy.is
Póstsendum um land allt
Sími: 437 1234
VICTORIA'S SECRET
Bath & Body Works
JONATHAN



Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.
Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



**Prjónaskap** er gott að kunna og gaman að geta prjónað flottar flíkur á sig og aðra. Þó að nú sé sumar er aldrei of snemmt að skella sér á prjónanámskeið og byrja að prjóna fyrir næsta vetur.

# Leiðsögunám í háskóla

***Endurmenntun býður nú upp á þriggja anna leiðsögunám á háskólastigi. Námið er sveigjanlegt og hentar bæði fólki sem er í vinnu og þeim sem kjósa fjarnám.***

„Við teljum þetta mjög jákvætt skref fyrir leiðsögumenn,“ segir Jóhanna Rútsdóttir, verkefnastjóri hjá Endurmenntun Háskóla Íslands, sem býður upp á leiðsögunám á háskólastigi frá og með næsta hausti. Námið er sambærilegt einu ári í háskóla, eða sextíu ECTS-einingum, en skiptist niður á þrjár annir. „Námið er sniðið að fólki sem er í vinnu. Kennt verður tvo seinniparta í viku, þriðjudaga og fimmtudaga frá klukkan 16.10 til 20. Ein námsgrein er kennd í einu og lýkur henni með prófi áður en sú næsta hefst,“ segir Jóhanna en einnig er hægt að taka námið að mestu leyti í fjarnámi. „Fólk getur verið statt hvar sem er í heiminum. Það fer bara inn á vefsvæði skólans þegar því hentar og sækir tímana þar.“

Námið býður upp á ýmsa möguleika. Lærðir leiðsögumenn geta nýtt sér námið sem ákveðna endurmenntun og keypt sig inn í stök námskeið. Þeir sem huga að háskólagráðu geta fengið námið metið inn í deildir háskólans. „Ferðamálaskor og hugvísindadeild meta námið inn í grunnnám á háskólastigi. Fólk getur til dæmis lokið BA-námi í þýsku eða frönsku með leiðsögunámið sem aukagrein.“

Námið er mjög fjölbreytt og megináhersla lögð á hagnýta þekkingu á sviði leiðsagnar með erlenda ferðamenn. „Farið verður í ótal þætti varðandi ferðaþjónustu á Íslandi, náttúrufar, sögu og menningararf Íslands, íslenskt nútímasamfélag, heilbrigðiskerfið og viðskiptalífið svo eitthvað sé nefnt. Síðan er auðvitað farið í þá þætti sem snúa að leiðsögumanninum svo sem hópstjórn og framsöguhæfni.“



Nýja leiðsögumannanámið er sveigjanlegt og hentar fólki sem er í vinnu. „Boðið er upp á vaxtalausa greiðsludreifingu skólagjalda, sem margir hafa nýtt sér,“ segir Jóhanna Rútsdóttir, verkefnastjóri Endurmenntunar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Í leiðsögunámi er fólk meðal annars þjálfað í hópstjórn og samskiptum við ferðamenn og aðila í ferðaþjónustu.

Inntökuskilyrði í námið eru stúdentspróf eða sambærilegt nám, sem og gott vald á íslenskri tungu. Einnig þreytir fólk inntökupróf í því máli sem það hyggst nýta sér í leiðsögninni. „Þörfin fyrir leiðsögunám á háskólastigi er greinilega til staðar en við sjáum á umsóknunum að þetta er tilboð sem fólki líkar vel við. Við höfum fengið töluvert mikið af umsóknum en enn er opið og við tökum öllum mjög vel og fagnandi.“

*mariathora@frettabladid.is*

FÓTBOLTAFERÐIR Í SÉRFLOKKI



KNATTSPYRNUSKÓLI BOBBY CHARLTON
*- nokkur sæti laus 1.-11. ágúst*

ÆFINGAFERÐIR MEISTARAFLOKKA
*Danmörk, Bretland, Spánn*

ÆFINGA- OG KEPPNISFERÐIR YNGRI FLOKKA
*- topp mót og góðir staðir*

BOLTAFERÐIR
*Enski boltinn, landsleikir, Meistaradeildin*

ít ferðir
*Ferðaskrifstofa knattspyrnumannsins*
Sími 588 9900 • fyrirspurn@itferdir.is
Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
www.itferdir.is

BEC Design
- Copenhagen's creative academy

B E C Design



Get an international education in Denmark

BEC Design offer two diploma programmes in an international environment in new and stylish premises in Copenhagen.

**The two diploma programmes are:**
- Advanced Computer Studies
- Design Technologist

**In our educations we are particularly focusing on:**
- Close contact with business life
- Project-based work and cross-curricular activities
- Interaction between theory and practical experience

To read more about the two educations in English, go to www.english.bec-design.dk

**www.english.bec-design.dk**

**BEC** | Design, Landskronagade 64-70, 2100 Copenhagen Ø, Denmark,
Phone.: +45 39 16 23 00, Email: osterbro@bec-design.dk



# Jói útherji
**KNATTSPYRNUVERSLUN**
Ármúla 36 s.588 1560 www.joiutherji.is

EM 2008 – þú færð treyjurnar hjá okkur





# norðurland
**ÞRIÐJUDAGUR 10. JÚNÍ 2008**


AIM Festival
**á Akureyri 12.-16. júní**
**BLS. 2**





FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# Ný áskorun fram undan

**Ásbjörn Björgvinsson, forstöðumaður Hvalasafnsins á Húsavík, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi og tekur við starfinu um miðjan ágúst.**

Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi, MFN, hefur starfað frá árinu 2003 og er samstarfsvettvangur Norðurlands í ferðamálum. Hún er í eigu Ferðamálasamtaka Norðurlands eystra og Norðurlands vestra og eru helstu markmið að samræma markaðs- og kynningarmál norðlenskrar ferðaþjónustu gagnvart innlendum og erlendum ferðamönnum.

Ásbjörn Björgvinsson, forstöðumaður Hvalasafnsins á Húsavík,



Ásbjörn hefur starfað ötullega að eflingu ferðamála á Norðurlandi síðastliðin tíu ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR

kom að stofnun stofunnar á sínum tíma og tekur nú við framkvæmdastjórastöðu stofunnar um miðjan ágúst. „Upphaflega flutti ég norður til að stofna Hvalasafnið fyrir tíu árum. Nokkru síðar kom ég að stofnun Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi og var þar stjórnarformaður fyrstu þrjú árin. Í dag er Hvalasafnið í miklum blóma og því góður tími til að takast á við nýjar verkefni,“ segir Ásbjörn sem hefur um árabil unnið ötullega að ferðamálum á Húsavík og verið einn af framámönnum í norðlenskri ferðaþjónustu. Hann hefur gegnt ýmsum félagsstörfum innan ferðaþjónustunnar og í opinberri stjórnsýslu. Þar á meðal var hann í ráðgjafahópi um stofnun Vatnajökuls- og Jökulsárþjóðgarðs, verið stjórnarmaður í Ferðamálasamtökum Íslands og formaður umhverfisnefndar Samtaka ferðaþjónustunnar.

„Ég hlakka mjög til að takast á við þennan nýja starfsvettvang og þá áskorun sem starfinu fylgir. Markaðsskrifstofuna og starf hennar þekki ég vel allt frá upphafi og veit að þar hefur verið unnið gott starf fyrir norðlenska ferðaþjónustu undir stjórn Kjartans Lárussonar. Mín ætlun er að halda áfram á sömu braut, enda er meðbyr með starfinu sem best sést á þátttöku sveitarfélaganna á Norðurlandi í verkefninu. Markaðsskrifstofan hefur að mínu mati fyrir löngu sannað mikilvægi sitt og tilgang, verkefnin eru næg og við vitum að þetta samstarf í ferðaþjónustu á Norðurlandi hefur orðið fyrirmynd annarra í svipuðum verkefnum á landinu.“ *- rh*

# Þæfð og ofin listaverk

Sýningin Af fingrum fram var opnuð nýlega í Heimilisiðnaðarsafninu á Blönduósi en sú hefð hefur skapast að seta þar upp nýja textílsýningu á hverju sumri til að auka á fjölbreytnina og gæða safnið auknu lífi. Nú sýnir listakonan Sóla þar ofin og þæfð verk sem munu gleðja augu gesta í sumar, ásamt því fjölbreytta handverki sem fyrir er. Á annað hundrað manns voru við opnunina og var þeim boðið upp á kaffi og kleinur.

Alma Einarsdóttir, sjö ára á nýsaumuðum upphlut, færði listakonunni blóm. Margar aðrar skörtuðu nýjum þjóðbúningum enda lauk nýverið fjörutíu klukkustunda þjóðbúninganámskeiði á safninu undir stjórn Helgu Sigurbjörnsdóttur frá Sauðárkróki.

Sóla heitir fullu nafni Snjólaug Guðmundsdóttir og býr á Brúarlandi í Borgarfirði þar sem hún rekur Gallerí Sólu. Hún var



Hnettir heitir þetta verk Sólu.

MYND/HEIMILISIÐNAÐARSAFNIÐ

kornung þegar hún lærði að vefa af móður sinni Margréti Bjarnadóttur vefnaðarkennara sem starfrækti vefstofu á Ísafirði um árabil. *- gun*

**● FJÖRUHLAÐBORÐ-BJARTAR NÆTUR**

***Garland er hvað þekktust fyrir leik sinn í Galdrakarlinum í Oz. Hún lést árið 1969 eftir að hafa tekið inn of stóran skammt af lyfjum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 10. JÚNÍ ÁRIÐ 1935

## *AA-samtökin stofnuð*



Þennan dag árið 1935 stofnuðu dr. Robert Smith, stundum nefndur dr. Bob, og Bill Wilson AA-samtökin, Alcoholics Anonymous, í bænum Akron í Ohio í Bandaríkjunum.

Árið áður hafið Bill Wilson eyðilagt framavonir sínar í verðbréfaviðskiptum á Wall Street með drykkju. Hann komst í kynni við kristilega hreyfingu sem kallaðist Oxford-hópurinn og fékk andlega vakningu sem hjálpaði honum að takast á við Bakkus.

Á viðskiptaferðalagi í Akron fékk hann svo gríðarlega löngun í áfengi. Hann leitaði sér því hjálpar og var kynntur fyrir dr. Robert Smith, sem einnig var í Oxford-hópnum. Bill og Bob stofnuðu síðan AA-samtökin sem byggja á því að alkóhólistar hjálpa hver öðrum. Saman byggðu þeir upp tólf spora kerfið sem er notað af milljónum félaga í AA-samtökunum um allan heim.



**VILJA VIRKJA BORGARBÚA** „Tilgangur samkeppninnar er að vekja athygli á trjárækt ásamt því að virkja borgarbúa til að litast um eftir sérstökum trjám,“ segir Kristján Björnsson hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**SKÓGRÆKTARFÉLAG REYKJAVÍKUR:** SAMKEPPNI UM TRÉ MÁNAÐARINS

# Leitað að geimsteinum í görðum

Skógræktarfélag Reykjavíkur mun næstu tólf mánuði standa fyrir samkeppni um tré mánaðarins en þetta er í fyrsta skipti sem hún er haldin. Ætlunin er að velja eitt tré á höfuðborgarsvæðinu mánaðarlega og verður hið fyrsta útnefnt nú í júní.

„Við óskum eftir ábendingum borgarbúa og er tilgangurinn sá að vekja athygli á trjárækt ásamt því að miðla fræðslu og virkja borgarbúa,“ segir Kristján Björnsson, verkefnisstjóri í Esjuhlíðum, sem stýrir samkeppninni.

Hin ýmsu tré koma til álita og má til dæmis tilnefna falleg tré, gömul tré, óvenjulegar trjátegundir, tré sem eru sérstök að vexti eða tré sem eiga sér einhverja sögu.

„Í kirkjugarðinum við Suðurgötu eru til að mynda mörg sögufræg tré og eins eru margir merkilegir hlynir í Þingholtunum. Þá er að finna stórglæsileg tré frá seinni áratugum í görðum vítt og breitt um borgina svo það er ýmislegt sem kemur til greina og víða leynast geimsteinar,“ segir Kristján.

Dómnefnd hjá Skógræktarfélaginu tekur við tilnefningunum og útnefnir tré mánaðarins. Það verður síðan myndað, mælt og saga þess rakin og birt á heimasíðu Skógræktarfélags Reykjavíkur, www.heidmork.is, ásamt tilheyrandi fróðleik. Að ári liðnu er svo ráðgert að gefa út bækling um þau tré sem hafa hlotið útnefningar.

Vonast er til að samkeppnin veki athygli fólks á trjárækt og þá ekki síður inni í heimagörðum en á útivistarsvæðum. „Okkur langar að virkja borgarbúa til að litast um eftir sérstökum trjám með okkur,“ segir Kristján en hann á von á því að einhver hliðsjón verði tekin af árstíðum við val á trjánum.

Hann segir Skógræktarfélag Reykjavíkur iðulega reyna að vekja athygli á trjárækt. „Okkur finnst vanta fleiri tré í borgarlandið og þá sérstaklega við umferðareyjar og á opnum svæðum. Þar hafa trén mikla kosti því þau draga bæði úr vindi og mengun,“ segir Kristján.

Hann segir menn gróðursetja tré mjög víða í stórborgum erlendis í þeim tilgangi að draga úr mengun og vindnæðingi. „Ég held að við mættum gera meira af því hér á landi. Þó að meira skjól sé í borginni nú en á árum áður er enn mikill næðingur á opnum svæðum og úr honum mætti draga með trjárækt.“ **vera@frettabladid.is**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún A. Guðbjartsdóttir**

frá Kollsvík, Norðurbrún 1, Reykjavík,

lést á Landspítalanum Háskólasjúkrahúsi laugardaginn 7. júní. Jarðarförin auglýst síðar.

**Elsa Marísdóttir** **Gunnar Tómasson**
**Magnús Marísson** **Sigríður Sigurðardóttir**
**Björg Marísdóttir** **Jónas Marteinsson**
**Hildur Marísdóttir** **Þorvarður Óskarsson**
**barnabörn og langömmubörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, sonur, afi og langafi,*

**Kristinn Steinar Ingólfsson**

varð bráðkvaddur að heimili sínu, Jaðri Dalabyggð, laugardaginn 7. júní.

**Bíbí Jóhannesdóttir**
**Gunnar Kristinsson** **Dóra Herbertsdóttir**
**Hanna Lóa Kristinsdóttir** **Ásmundur Ásgeirsson**
**Gunnhildur Kristinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




## 24 mörk skoruð í fyrstu umferð Landsbankadeildarinnar

# „Ég sá það fyrst á visir.is“

*Visir.is* var langfyrstur með mörkin í fyrstu umferð Landsbankadeildarinnar. Boltavakt *visir.is* og Fréttablaðsins verður á öllum leikjum sumarsins í Landsbankadeild karla. Öll mörk, spjöld og helstu atriði leikjanna verða í beinni textalýsingu. *Visir.is* er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja *visir.is*.

visir.is

...ég sá það á visir.is






# STUÐ MILLI STRÍÐA Tilfinningasljóir þulir

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** SOFNAÐI YFIR EM



Í tæpan mánuð hefur knattspyrnuhjartað verið á gjörgæslu. Enn eitt stórmótið fram undan þar sem bestu knattspyrnumenn álfunnar koma saman og keppa. Sviss og Austurríki eru miðdepillinn um þessar mundir þrátt fyrir að hvorug þjóðin sé hátt skrifuð í knattspyrnuíþróttinni sjálfri. Skiptir engu. Það er búið að flauta EM á.

Og nú þeysast um græna velli þessara alpalanda margir af flinkustu og skemmtilegustu knattspyrnumönnum heims. Utan vallar er hægt að gæða sér á svissneskum ostum, pylsum og stórum bjórum. Stemningin er hreinlega allsráðandi. Maður er annað hvort tilfinningasljór eða gjörsamlega búinn að sanna það fyrir sjálfum sér að antiíþróttaisminn er staðreynd ef maður hrífst ekki með. Sjálfur fell ég undir hvoruga skilgreininguna og var því með hjartað í buxunum þegar Svisslendingar og Tékkar hófu sig til flugs á laugardaginn. Maður var búinn að grilla, kaupa sér bjór og búa alla fjölskylduna undir einhverja mestu skemmtun sem völ er á.

En þegar húsfreyjan hefur á orði hvort þulirnir séu á svefnlyfjum eða valíumi þá vaknar maður upp við vondan draum. EM-stemningin er í mikilli hættu vegna þess að þulirnir eru ýmist leiðinlegir, leiðist eða eru reynslulitlir. Nú eða glíma við „ákveðið“ vandamál. Því þulirnir gegna nefnilega mjög ábyrgðarmiklu starfi. Sem felst í því að miðla stuðinu til okkar áhorfenda. Ef þeir lifa sig ekki inn í atburðarásina þá eiga áhorfendur heima voðalega erfitt með að gera það.

EM er þriggja vikna tilfinningalegur rússíbani þar sem áralöng undirbúningsvinna er lögð til grundvallar. Og eftirvæntingin leikur stærsta hlutverkið. Því ættu kannski þulirnir á RÚV að dusta rykið af gömlum töktum Bjarna Fel, fíla sig svolítið sem hluta af heildinni og leyfa okkur hinum að njóta augnabliksins með hæfilegum slatta af æsingi og geðveiki. Því um það snýst EM.

# myndasögur

## Pondus
Eftir Frode Øverli




## Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Skemmtilegra að framkvæma

„Þetta er verk um manneskjur sem leita að hetjunni í sjálfri sér. Er hægt að breyta heiminum eða er nóg að vinna í manni sjálfum? Eru hversdagshetjur líka hetjur?“ segir Þorleifur Arnarsson um verk Símonar Birgissonar sem setja á upp í ágúst.

Verkið gengur undir nafninu Hetjur og verður leikstýrt af Þorleifi. Að sögn Símonar fjallar það um fólk á aldrinum 25-30 ára, sem reynir að gera upp við fortíð sína. Jafnframt er velt upp spurningum um sannleikann. „Ætli það verði ekki fullt af þrá, nálægð og raunveruleika,“ sagði Þorleifur „því seinasta verk var fullt af blóði, kynlífi og kókaíni og ég er alltaf að svara sjálfum mér.“ Þá á hann við seinustu sýningu sína, Gegen die Wand, sem sett var upp í Schwerin í Þýskalandi og hlaut lof gagnrýnenda.

Félagarnir kynntust í Berlín, en Þorleifur leggur lokahönd á leikstjórnarnám við Ernst Busch-skólann. Símon hefur hins vegar verið að sýna með þýska leikhópnum



**LIST FYRIR ÍSLENDINGA, ÆTTUÐ ÚR ÞÝSKALANDI** Þorleifur Arnarsson og Símon Örn Birgisson setja upp leiksýningu í ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Rimini Protocol, en hann fékk leiklistarverðlaun Evrópu á dögunum.

Leikhópinn, Kreppuleikhúsið, skipa þau Þórunn Arna Kristjánsdóttir og Walter Geir Grímsson, auk Vignis Þórs Valþórssonar úr leikhópnum Vér morðingjar. Verkið verður sýnt á sviðslistahátíðinni artFart og bregður sér á Vestfirði í kjölfarið.

Spurður um hvort íslenskt leiklistarlíf standi sig ekki í stykkinu gagnvart ungu fólki svaraði Símon: „Til hvers að gagnrýna, er ekki skemmtilegra að framkvæma?“

- kbs

# Dansa í frönskum kastala

Danshópurinn Íslenska hreyfiþróunarsamsteypan verður á ferð og flugi í sumar. Fyrst er ferðast til Spánar á dansnámskeið. Svo er ferðinni heitið til St. Érme í Frakklandi að semja nýtt íslenskt dansverk. Dvalið verður í kastala á vegum Performance Art Forum. Stelpurnar eru hins vegar styrktar af Reykjavíkurborg og Ungu fólki í Evrópu.

„Við erum ekkert að fara að versla í H&M, en þetta er voða krúttlegt,“ segir Ragnheiður Sigurðardóttir Bjarnarson, einn dansaranna, um St. Érme. Auk hennar eru Ásgerður Guðrún Gunnarsdóttir, Katrín Gunnarsdóttir,



**VITA EKKI HVAR ÞÆR EIGA HEIMA** Vigdís E. Guðmundsdóttir, Ragnheiður S. Bjarnarson og Ásgerður G. Gunnarsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vigdís Eva Guðmundsdóttir og Melkorka Magnúsdóttir í hópnum.

„Það var ótrúlega auðvelt að fá pláss í kastalanum. Við sóttum um og fengum svar örugglega fimm mínútum síðar,“ segir Ásgerður.

Flakkið er allt að því táknrænt fyrir hópinn, en þær hafa unnið út frá þemanu: „where do we belong“ eða „hvar eigum við heima“ í tvö ár. „Maðurinn er alltaf að flokka allt og hlýtur að spyrja sig, eins og við spyrjum okkur, á ég heima í því sem ég er að gera? Er ég í réttum flokki?“ segir Ragnheiður.

Hópurinn sýndi verk í vinnslu á 108 Prototype seinustu helgi og hefur þegar fengið góðar móttökur. Ferðalaginu lýkur svo á mölinni á artFart í ágúst.

- kbs


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




vilborga@centrum.is

Miele S381 Tango Plus 1800W mótor

**Meðal fáanlegra fylgihluta:**
Hepafilter: Hreinsar loftið af ofnæmisvaldandi efnum.
Kolafilter: Hreinsar óæskilega lykt. Góður fyrir gæludýraeigendur.
Parketbursti: Skilar parketinu glansandi.

**Miele ryksugur**

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar. Þær eru með stillanlegu röri og úrval fylgihluta er innbyggt í vélina.

**TILBOÐ kr.: 18.900**

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200 www.eirvik.is



## > ALBA MAMMA

Jessica Alba og nýbakaður eiginmaður hennar, Cash Warren, eignuðust dóttur um helgina. Það er því komið að því sem Alba óttast mest, en hún sagði nýlega í viðtali að hún hræddist brjóstagjöf meira en fæðinguna sjálfa. Sú litla er enn ónefnd.



# fólk

folk@frettabladid.is

# Reykjavík vanrækt myndefni

Ljósmyndabókin Reykjavík út og inn, eftir Braga Þór Jósefsson og með texta eftir Illuga Jökulsson, er nýkomin í verslanir. Bragi hefur haft bókina í smíðum í ein tíu ár, en hann telur Reykjavík hafa verið vanrækta sem myndefni. „Mér finnst að þessa bók hafi lengi vantað á markaðinn. Ljósmyndabækur með landslagi hrúgast inn, en það er mjög lítið til um Reykjavík,“ segir Bragi, sem segir borgina lengi hafa verið eitt af sínum uppáhaldsmyndefnum.

Bókin er gefin út á bæði íslensku og ensku, sem Reykjavík Inside Out, og Bragi segir hana því bæði henta innfæddum Íslendingum og gestum hér á landi. „Ég reyndi líka að hafa hana svolítið veglega og sýna Reykjavík frá öllum hliðum. Þetta eru ekki bara myndir úr miðbænum í sól og sumri, heldur fór ég um alla borg og aðeins í önnur sveitarfélög líka. Ég vildi hafa heillega mynd af borginni eins og hún er í dag, eins og ég sé hana. Ekki bara Hallgrímskirkju og Tjörnina.“ Texti Illuga Jökulssonar gerir svo tilurð og þróun borgarinnar skil. „Það er til dæmis fjallað um hvernig Reykjavík fannst, og líka hvernig hún hvarf. Það er nefnilega varla minnst á Reykjavík í mörg hundruð ár, hún er nánast úr sögunni eftir sonarson Ingólfs Arnarsonar,“ útskýrir Bragi, sem er hvergi nærri hættur að festa Reykjavík á filmu.

„Ég er sífellt að mynda borgina og ætla mér að gera það áfram. Hvort það verður svo nýtt í eitthvað meira verður tíminn að leiða í ljós,“ segir hann. - sun



**REYKJAVÍK Í DAG** Bragi Þór Jósefsson ljósmyndari sýnir Reykjavík frá mörgum hliðum í nýrri bók sinni, Reykjavík út og inn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Viltu taka daginn snemma í sumar?

Erum að leita að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana.

Hafðu samband við dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að fylla út umsókn á www.posthusid.is

Pósthúsið


# Bob Dylan styður Obama



BOB DYLAN

**Poppstjörnurnar flykkjast um forsetaframbjóðandann Barack Obama. Bruce Springsteen, David Crosby, Will.I.am og bönd eins og R.E.M., Arcade Fire og Red Hot Chili Peppers styðja hann og nú hefur risapoppari bæst við, sjálfur Bob Dylan. Í viðtali við The Times í London leyndi Dylan ekki hrifningu sinni. „Nú höfum við mann sem er að endurskilgreina eðli stjórnmála og eðli stjórnmálamannsins... Barack Obama,“ sagði karlinn. „Ég er vongóður um að hlutirnir breytist. Sumt verður hreinlega að breytast.“**

# Gullfoss og Geysir á flösku

**Ölgerð Reykjavíkur sendir frá sér gæðabjórinn Gullfoss á næstu vikum. Framkvæmdastjórinn Heimir Hermannsson segir mikla áherslu lagða á að nota besta fáanlega hráefni til bruggunarinnar.**



**GULLFOSS VÆNTANLEGUR** Heimir Hermannsson er framkvæmdastjóri Ölgerðar Reykjavíkur, sem sendir íslenska bjórinn Gullfoss frá sér á næstu vikum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við byrjum að brugga í byrjun júlí, og vonum að hann verði kominn á markað svona þremur, fjórum vikum síðar,“ útskýrir Heimir Hermannsson, framkvæmdastjóri Ölgerðar Reykjavíkur, en hann á fyrirtækið ásamt bróður sínum, Helga. „Við stofnuðum fyrirtækið fyrir rúmu ári. Við tókum saman lista með nöfnum fimm bestu bruggara í Evrópu með það fyrir augum að fá einhvern af þeim til samstarfs með okkur,“ útskýrir Heimir. Anders Kissmeyer, danskur bruggari sem var gæðastjóri hjá Carlsberg í tuttugu ár, var efstur á umræddum lista, og er nú í samstarfi við Ölgerð Reykjavíkur. „Hann hreifst af hugmyndafræðinni okkar, sem er að nota besta fáanlega hráefnið, sama hvaðan það er. Sumt er betra frá Ameríku og annað er betra í Evrópu,“ útskýrir Heimir. „Þetta er líka eins og með vínið, slæmt sumar í Tékklandi getur þýtt að humlarnir þaðan séu ekki nógu góðir,“ bætir hann við.

Heimir segir hágæðabjór vera í mikilli sókn. „Í Evrópu hefur orðið til sérmarkaður fyrir hágæðabrugghús á síðustu fimmtán árum eða svo, á meðan hefðbundni bjórmarkaðurinn hefur dregist saman,“ segir hann. „Þetta tengist líka ákveðinni hugmyndafræði í kringum mat sem hefur verið vinsæl, svokallað „slow food“. Með gæðabjórinn er til dæmis ekki verið að ýta á eftir gerjunarferlinu með því að bæta við sykri, og ekki eru sett rotvarnarefni í bjórinn. Gæðabjórinn er fersk vara, á meðan bjór með rotvarnarefni getur verið margra mánaða gamall þegar neytendur fá hann í hendur,“ útskýrir Heimir.

Gullfoss verður framleiddur í Bruggsmiðjunni á Árskógssandi, eftir uppskrift Kissmeyers og eftir skandinavískum hefðum. Þegar fram líða stundir mun svo bjórinn Geysir fylgja á hæla honum. „Okkur þótti upplagt að gera Geysi líka, fyrst við vorum að byrja á Gullfossi, en það er ekki komin nein dagsetning á hann,“ segir Heimir og brosir. „Þetta er líka skemmtilegt fyrir erlenda ferðamenn og gaman að geta boðið þeim upp á að smakka bæði Gullfoss og Geysi. Við höfum einmitt spurt veitingamenn hverju erlendir ferðamenn falast eftir þegar kemur að þessu, og þeir segja það helst vera íslenskan bjór. Gullfoss og Geysir verða þá góð viðbót í flóruna,“ segir Heimir. sunna@frettabladid.is




Ferskasta fiskmetið...

spennandi fiskverslun sem leggur áherslu á tilbúna fiskrétti - holla, gómsæta og framandi, beint í ofninn, á grillið eða pönnuna. Frábært úrval af fersku fiskmeti af öllu tagi.

www.galleryfiskur.is

Fiskverslun

Nethylur 2, 110 Rvk., s. 587 2882

Gallerý fiskur

Verslun: Opið mán.-fimmt. 10:00-18:30, föstud. 10:00-18:00, laugard. lokað





# Styttist í 17. júní



**17. JÚNÍ** Lendir á þriðjudegi í ár, svo það verður ekki löng helgi að þessu sinni.

Nú styttist í 17. júní og eins og undanfarin ár verður fjölbreytt dagskrá í miðborg Reykjavíkur. Fyrir þá sem vilja taka daginn snemma hefst samhljómur kirkjuklukkna í Reykjavík klukkan 9.55, en hátíðardagskrá á Austurvelli hefst svo laust fyrir klukkan ellefu með söng karlakórsins Fóstbræðra, ávarpi fjallkonu og forsetisráðherra, Geirs H. Haarde, að viðstöddum forseta Íslands, Ólafi Ragnari Grímssyni.

Yngri kynslóðin mun svo sannarlega ekki fara varhluta af skemmtuninni í ár, en milli klukkan 13 og 17 verða meðal annars Brúðubílinn, trúðar og töframenn í Hljómskálagarðinum, skrúðgöngur bæði frá Hlemmi og Hagatorgi og á barna og fjölskylduskemmtuninni á Arnarhóli verða Skoppa og Skrítla, atriði úr Skilaboðaskjóðunni og Eurobandið svo eitthvað sé nefnt.

Ýmsar uppákomur verða víðs vegar um bæinn, en klukkan 19.30 hefjast tónleikar á Arnarhóli þar sem fram koma meðal annars Hinn íslenski þursaflokkur, Hjaltalín og Nýdönsk. Hálftíma síðar verður dansleikur á Ingólfstorgi og á horni Vonarstrætis og Lækjargötu verða hip-hop tónleikar. Allir ættu því að geta hlýtt á tónlist við sitt hæfi, en dagskránni lýkur klukkan 23. - ag

# McCartney hættir

Heimildir herma að Paul McCartney muni á næstunni tilkynna um síðasta risatúr sinn. Í honum ætlar Paul að leika á meira en hundrað tónleikum um allan heim og á ferðin að taka tvö ár. Eftir túrinn hyggst gamli Bítilinn setjast í helgan stein og sinna uppeldi á dóttur sinni, hinni fjögurra ára gömlu Beatrice Milly McCartney. Ekki seinna vænna að meistarinn, sem verður 66 ára í næstu viku, snúi sér að barnauppeldinu!



**BARA EINN TÚR Í VIÐBÓT** Paul McCartney snýr sér að barnauppeldi.



**GAVIN OG GWEN** Parið á von á sínu öðru barni þessa dagana, en fyrir eiga þau soninn Kingston sem er tveggja ára.

# Vill ekki dúett með Gwen

**Gavin Rossdale, fyrrverandi söngvari hljómsveitarinnar Bush, segist aldrei munu syngja dúett með eiginkonu sinni Gwen Stefani. Gavin, sem á tveggja ára son með Gwen, segir ástæðuna fyrst og fremst vera að hann vilji ekki vekja óþarfa athygli á einkalífi þeirra.**

**Gavin kann lítið að meta ágang ljósmyndara og segist vilja vita sem minnst um einkalíf þeirra sem hann metur mikils í tónlist og kvikmyndum. Söngvarinn hefur lítið látið til sín taka í tónlistinni frá því að hljómsveitin Bush lagði upp laupana, en í sumar mun hann fara á tónleikaferðalag til að kynna nýja breiðskífu sína, Wanderlust.**

# Ljósmyndabók fagnað

**Útgáfu bókarinnar Project: Iceland var fagnað með veisluhöldum í húsnæði Liborius á Laugavegi á laugardagskvöld. Bókin er afrakstur vinnu hálf-íslenska ljósmyndarans Charlie Strand, sem fjallar þar um marga helstu frumkvöðla íslensks menningarlífs.**



**SIGRÚN HRÓLFSDÓTTIR OG EIRÚN SIGURÐARDÓTTIR**



**ARNAR GUÐJÓNSSON**



**ADDA HELGADÓTTIR OG HEIÐAR INGI**



**ÍSLENSKT VERKEFNI** Gestir í útgáfupartíinu samglöddust Charlie Strand, sem hefur unnið að gerð bókarinnar síðastliðin tvö og hálft ár eða svo. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**ANNA SIGRÍÐUR INDRIÐADÓTTIR, ERLA KRISTÍN ÁRNADÓTTIR, KRISTÍN KLARA EINARSDÓTTIR, BIRGIR TJÖRVI PÉTURSSON OG JÓN ÖGMUNDSSON**



**COLDPLAY** Chris Martin og félagar gefa út nýja plötu í vikunni.

# Coldplay á Myspace

**Hljómsveitin Coldplay býður aðdáendum sínum að hlusta á nýjustu plötu sína, Viva la Vida, or Death and All His Friends, á myspace-síðu sveitarinnar, myspace.com/coldplay. Platan kemur út 12. júní í Bretlandi, en 16. júní hérlendis. Eru lög skífunnar opin almenningi í viku. Seinasta plata sveitarinnar, X&Y, kom út 2005 og er því líklegt að unnendur Coldplay stökkvi á þetta tækifæri að heyra nýtt efni frá sveitinni.**

# Tindersticks í sölu í dag

**Miðasala á tónleika Tindersticks á Nasa hinn 11. september hefst í dag á sölustöðum midi.is um allt land og á netinu. Aðeins 550 miðar eru í boði. Breska hljómsveitin Tindersticks hefur starfað síðan 1991 og gaf fyrr á þessu ári út áttundu stúdíóplötuna sína. Tónlistin er dramatísk og kraftmikil og aðdáendur Nicks Cave ættu að vera sérlega móttækilegir fyrir henni. Sveitin er leidd af söngvaranum Stuart Staples sem hugkvæmdist hljómsveitarnafnið eftir að hann fann þýskan eldspýtustokk á sólarströnd.**

Tal

NÝTT TÆKIFÆRI, GÓÐAR AUKATEKJUR

Tal er nýtt fjarskiptafyrirtæki á Íslandi sem leggur metnað sinn í að bjóða Íslendingum upp á lægri símreikninga og góða þjónustu. Tal er skemmtilegur og spennandi vinnustaður þar sem einstaklingar hafa gaman af því að takast á við spennandi verkefni. Vegna mikilla anna þurfum við að fjölga í hópnum.

**Sölufulltrúi – AUKAVINNA**

Tal óskar eftir að ráða drífandi einstaklinga í starf sölufulltrúa Tals í Reykjavík og á Akureyri. Starfið felst í að bjóða Íslendingum að lækka símreikninga sína vegna GSM, Netsins og heimasíma.

**Vinnutími:** a.m.k. tvö kvöld í viku frá kl. 17.40 - 22.10 alla virka daga.
**Laun:** Fast tímakaup auk virkilega góðra sölubónusa.
**Fríðindi:** Eftir vissan tíma í starfi njóta starfsmenn sérkjara á GSM og nettengingum.

**Æskilegir eiginleikar:**
– Reynsla af sölu og kynningum
– Stundvísi
– Áhugi á að standa sig vel í starfi
– Metnaður og heiðarleiki
– Starfsgleði

Allir starfsmenn fara á sölukynningu á vegum Tals og fá góða vörukynningu.

**Þjónustufulltrúi – FULLT STARF OG HLUTASTARF**

Tal óskar eftir að ráða drífandi einstaklinga í starf þjónustufulltrúa Tals. Um er að ræða hlutastarf og fullt starf. Starfið felst í að þjónusta viðskiptavini Tals og veita þeim tæknilega aðstoð og upplýsingar.

**Vinnutími:** Þjónustuverið er opið alla virka daga frá 9.00-22.00 og á laugardögum frá 10.00-16.00. Unnið er á vikulegum vöktum.
**Laun:** Góð laun fyrir gott fólk.
**Fríðindi:** Fastráðnir starfsmenn njóta fríðinda af þjónustu Tals og starfsmenn í hlutastörfum njóta þeirra eftir ákveðinn tíma.

**Æskilegir eiginleikar:**
– Góð tæknileg þekking
– Stundvísi
– Áhugi á að standa sig vel í starfi
– Metnaður og heiðarleiki
– Starfsgleði
– Að viðkomandi hafi náð 20 ára aldri

Allir starfsmenn fá góða starfsþjálfun á vegum Tals.

Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á netfangið atvinna@tal.is, merktar viðeigandi starfi:
Atvinna þjónustufulltrúi / sölufulltrúi Rvk. / sölufulltrúi Ak.
**Umsóknarfrestur er til 15. júní nk.**

www.tal.is | Síðumúla 32, 108 Reykjavík | Þjónustuver 1817 | Skrifstofa 445 1600 | tal@tal.is




| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| SPEED RACER | kl. 5D - 8 - 10:50 | L |
| SPEED RACER | kl. 5 | VIP |
| FORBIDDEN KINGDOM | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5:30 - 8D - 10:40D | 12 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 8 - 10:40 | VIP |
| LOVE IN TIME OF CHOLERA | kl. 5:30 - 8:15 | 7 |
| NEVER BACK DOWN | kl. 10:40 | 14 |
| IRON MAN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| **KRINGLUNNI** | | |
| SEX AND THE CITY | kl. 5 - 8 - 10:50 | 14 |
| SPEED RACER DIGITAL | kl. 5D - 8D - 10:50D | L |
| INDIANA JONES 4 | kl. 6:30 - 9 | 12 |

| SELFOSS | | |
|---|---|---|
| SPEED RACER | kl. 8 | L |
| NEVER BACK DOWN | kl. 8 | 14 |
| PROM NIGHT | kl. 10:45 | 16 |
| THE HUNTING PARTY | kl. 10:20 | 12 |
| **AKUREYRI** | | |
| SPEED RACER | kl. 8 | L |
| IN THE VALLEY OF ELAH | kl. 10:30 | 16 |
| THE FORBIDDEN KINGDOM | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| **KEFLAVÍK** | | |
| ZOHAN | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| SPEED RACER | kl. 8 | L |
| SEX AND THE CITY | kl. 10:45 | 14 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| ZOHAN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| ZOHAN LÚXUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | |
| SEX AND THE CITY | kl. 5 - 8 - 11 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| PROM NIGHT | kl. 10 | 14 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 5.30 | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| 88 MINUTES | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| FORBIDDEN KINGDOM | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| HAROLD & KUMAR ESCAPE FROM GB | kl. 8 - 10.15 | 12 |
| WHAT HAPPENS IN VEGAS | kl. 10.20 | |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ENSKUR TEXTI | 7 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| ZOHAN | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| SPEED RACER | kl. 6 - 9 | |
| SEX AND THE CITY | kl. 6 - 9 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| ZOHAN | kl. 8 - 10.15 | 10 |
| SEX AND THE CITY | kl. 5.20 - 8 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 5.40 - 10.40 | 12 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus







LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| ZOHAN | kl. 4.30, 8 og 10.10 | 10 |
| SEX AND THE CITY | kl. 4, 7 og 10.10 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 4.30, 7 og 10 | 12 |


# Carrie og Indiana vinsælust

Kvikmyndasumarið er í miklum blóma um þessar mundir. Tvær myndir hafa hingað til átt markaðinn. Um 40.000 Íslendingar hafa lagt leið sína á nýju Indiana Jones-myndina og um 20.000 manns hafa séð Sex and the City, sem sýnd hefur verið viku styttra en Indiana. Markhópar myndinna eru mjög niðurnjörvaðir, unglingar og karlmenn sjá ævintýri Indís en konur flykkjast á borgarævintýri Carriear og vinkvenna hennar.

„Aðsókn á konumyndir eins og Sex and the City dreifist yfir lengri tíma því konurnar bíða meira með að fara í bíó. Karlar og unglingar fara hins vegar strax á það sem þeir vilja sjá,“ segir Geir Gunnarsson hjá Myndformi, dreifingaraðila myndanna. Hann áætlar því að Sex and the City eigi mikið inni og muni ganga langt fram á haust. Stórir kvennahópar flykkjast á myndina og er atgangurinn slíkur að oftast varð uppselt á kvöldsýningar í síðustu viku.

Skemmtileg nýbreytni er sumartilboð Regnbogans en þar kostar bara 650 kall á allar myndir í sumar. „Menn hlupu nú ekki alveg út á nærbuxunum,“ segir Guðmundur Breiðfjörð, markaðsstjóri kvikmyndadeildar, um fyrstu tilboðshelgina, en á von á að fólk taki betur í tilboðið þegar betri myndir detta inn – „Það eru kannski ekki bara nógu spennandi myndir í boði eins og er“. Sex and the City fer í Regnbogann um næstu helgi og ævintýri Indiana Jones helgina þar á eftir.

**- glh**



**VINSÆLUST TIL ÞESSA Í SUMAR** Karlarnir vilja Indí og konurnar Carrie.

# Fengu Sverri Stormsker sem bónusvinning

**Pílagrímsför hóps á vegum FTT til Liverpool mun lengi í minnum höfð, ekki síst hjá hjónunum Þorleifi Ásgeirssyni og Sigurbjörgu Pétursdóttur, sem unnu nótt á sjálfri Lennon-svítuna í happadrættisvinning og fengu Sverri Stormsker óvænt sem bónusvinning.**



**LEIFUR OG SIBBA Í LENNON-SVÍTUNNI** Sibbu varð svo mikið um þegar hún vann nóttina að hún missti minnið af einskærum æsingi. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓLAFUR PÁLL

„Við vorum klukkutíma á eftir áætlun með að skila svítunni. Það tók góð þrjú korter að ná Sverri úr sófanum. Þaðan heyrðist alltaf: Hvað er þetta! Segðu þeim að slaka á. Þetta er svíta,“ segir Þorleifur Ásgeirsson skólastjóri Tölvuskólans á Suðurnesjum.

Hópferð til Liverpool dagana 30. maí til 2. júní á bítlaslóðir að undirlagi FTT verður lengi í minnum höfð. Á sérstökum hátíðarkvöldverði á Hard Days Night hotelinu var happadrættisvinningur nótt á Lennon-svítunni. Þegar vinningsnúmerið var lesið upp kvað við fagnaðarvein og kom þá í ljós að hjónin Þorleifur og Sigurbjörg Pétursdóttir höfðu hreppt hnossið. „Á miða sem segir til um sjálfan afmælisdag Sibbu og Reykjavíkurborgar. 18. ágúst. Ég sá hana svífa upp úr stólnum sem var einkennilegt því það var ekkert nema kók í glösum okkar. Sibba missti minnið af einskærum æsingi. Hún man varla eftir því þegar hún tók við vinningnum,“ segir Þorleifur.



**SVERRIR VIÐ FLYGILINN** Leifur segir Sverri lygilega góðan píanista og spilaði hann Lennon-lög fram á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/LEIFUR

Skólastjóri Tölvuskóla Suðurnesja lýsir ferðinni sem snilldinni einni frá upphafi til enda. Þar sé ekki hægt að nefna eitthvað eitt öðru fremur sem stendur uppúr. Allir sem að ferðinni stóðu eiga inni ómælanlegt þakklæti frá þeim hjónum. En vissulega var nóttin á Lennonsvítunni eftirminnileg. Hljómar höfðu troðið upp í Cavernklúbbnum og þá um miðnætti fóru margir tónleikagesta í partí til þeirra Leifs og Sibbu í svítuna. Þau höfðu ekkert á móti því að taka á móti gestum. Í svítunni er forláta flygill hvítur og fjölmargir tónlistarmenn mættu og slógu svörtu og hvítu nóturnar. Lengst allra var Sverrir Stormsker. Eða allt þar til þau skiluðu svítunni á hádegi næsta dags. Sverrir var ekki óvelkominn nema síður sé að sögn Leifs sem segir Sverri hafa verið óvæntan bónusvinning á happadrættismiðann góða.

„Ég vissi að hann væri góður en að hann væri svona ofboðslega flinkur píanisti – það vissi ég ekki. Kunni öll bítlalögin aftur á bak og áfram. Spilaði mikið Lennon en, nei, ekkert eftir sjálfan sig. Og Bjartmar [herbergisfélagi Sverris] var okkur þakklátur fyrir að passa eina nótt. Hann gat aldrei sofnað fyrr en um fimm vegna vesens á Sverri. Sverrir er sko B-maður. En þessa nótt svaf Bjartmar eins og ungabarn,“ segir Leifur.

Svo skemmtilega vill til að Leifur og Sverrir eru frændur. Þannig að þetta var hálfgert ættarmót að sögn Leifs. „Já, og það sem meira er. Hann er líka skyldur Sibbu. Hann er þremmenningur við okkur bæði.“

**jakob@frettabladid.is**

# Tilþrif á trompetinn

Þýski trompetleikarinn Sebastian Studnitzky er væntanlegur til Íslands til að spila á AIM-tónlistarhátíðinni sem er fram á Akureyri 12.-16. júní. Studnitzky hefur verið afkastamikill síðustu ár og hefur spilað með mörgum ólíkum tónlistarmönnum. Hann hefur m.a. verið meðlimur í Mezzoforte og er einn af máttarstólpum þýsku trip-hop sveitarinnar Triband sem hefur gefið út tvær plötur. Platan Trio sem er hér til umfjöllunar er hans nýjasta afurð, kom út í febrúar.

Á Trio leika með Studnitzky þeir Dieter Ilg bassaleikari og Wolfgang Haffner trommuleikari. Studnitzky sjálfur spilar á trompet og píanó. Lögin eru öll eftir hann og þess vegna er platan skráð sem sólóplata, en ekki hljómsveitarverk.

**TÓNLIST**

**Trio**

Sebastian Studnitzky

★★★★

Þessi nýjasta plata þýska trompetleikarans Sebastians Studnitzky er fyrirtaks djassplata, mjúk og þægileg, en borin upp af fyrsta flokks spilamennsku.




Tónlistin á Trio er órafmagnaður djass, frekar einfaldur og látlaus, en borinn upp af fyrsta flokks spilamennsku. Studnitzky er liðtækur píanóleikari eins og heyrist á plötunni, en fyrst og fremst trompetleikari og það er hrein unun að hlusta á tilþrif hans hér. Þetta er mjúk og notaleg plata. Hún gæti virkað átakalítil, en vönduð spilamennskan er í forgrunni og heldur henni uppi, ekki síst frábær trompetleikur Studnitzkys.

Sebastian Studnitzky kemur fram á tvennum tónleikum á AIM-hátíðinni. Hann spilar á með Jazzklúbbi Akureyrar á fimmtudagskvöldið og kvöldið á eftir með Mannakornum. Það er óhætt að mæla með því að djassáhugamenn kíki á kappann.

**Trausti Júlíusson**



**NÝR RITSTJÓRI** Erlingur Grétar Einarsson tók sér leyfi frá Listaháskólanum til að ritstýra Myndum mánaðarins. Hann ætlar að hafa meira af viðtölum en slúðri í blaðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Fleiri viðtöl og minna slúður

„Ég tók við starfinu um miðjan maí eftir að fyrri ritstjóri tímaritsins flutti til útlanda,“ segir nýr ritstjóri Mynda mánaðarins, Erlingur Grétar Einarsson.

Líkt og glöggir lesendur hafa tekið eftir hefur tímaritið Myndbönd mánaðarins tekið nokkrum breytingum og fengið bæði nýtt útlit og nafn og heitir nú Myndir mánaðarins. Hinn nýi ritstjóri tímaritsins, Erlingur Grétar, segir að það eigi eftir að koma betur í ljós hvort blaðið taki frekari breytingum. Hann telur þó að kvikmyndahluti blaðsins bjóði upp á ýmsa möguleika og það stendur til að gera hann að öflugu kvikmyndablaði þar sem áherslan verði á skemmtileg viðtöl en ekki á slúður. „Þetta verður almennt kvikmyndablað fullt af viðtölum og fréttum úr kvikmyndaheiminum. Þetta verður jafnframt fyrsta kvikmyndablaðið á Íslandi,“ segir Erlingur um hið nýja tímarit.

Myndir mánaðarins hefur verið gefið út mánaðarlega síðastliðin þrettán ár og fæst ókeypis á öllum myndbandaleigum.

Á meðan Erlingur gegnir ritstjórastarfinu hefur hann ákveðið að taka sér námsleyfi frá Listaháskóla Íslands þar sem hann stundaði nám. Erlingur hefur einnig stundað nám í ensku og kvikmyndafræði við Háskóla Íslands og skrifar kvikmyndagagnrýni fyrir tímaritið Mónitor.

- sm

# Finnar líkastir okkur af Norðurlandaþjóðunum

**Nýlega kom út fyrsta túristabókin um Ísland á finnsku. Bókina skrifaði Björgvin Hilmarsson með Satu Rämö, finnskri unnustu sinni.**

„Finnar eru mjög áhugasamir um Ísland,“ segir Björgvin Hilmarsson um nýja túristabók sína. Bókin er á finnsku og fjallar um Ísland. Björgvin skrifaði bókina með finnskri unnustu sinni.



**MONDO MATKAOPAS ISLANTI** Allt sem þú vilt vita um Ísland á finnsku.

„Það birtast sífellt fleiri greinar um landið, menninguna og afþreyinguna. Að mínu mati eru Finnar líka langlíkastir okkur af öllum Norðurlandaþjóðunum. Finnar eru svona hálf utanveltu meðal þeirra eins og við. Ég held að áhuginn á Íslandi eigi bara eftir að aukast á næstu árum og bókin mun án efa gegna hlutverki þar og vera góð landkynning.“

Bókin er í gefin út af Image Publishing Ltd. í Helsinki sem hefur áður gefið út fjölda ferðabóka. Bækurnar þykja þær bestu þar í landi í þessum flokki og eru afar vinsælar. Bækurnar eru óvenjulegar að því leyti að þær eru ekki bara þurr upptalning á gistimöguleikum og stöðum til að skoða, heldur er einnig fjallað um menningu landins og reynt er að kafa í þjóðarsálina. Af þessum sökum eru þeir margir sem vilja lesa þær án þess að vera endilega á leið til viðkomandi lands.

„Við ferðuðumst um landið í um fjóra mánuði síðasta sumar auk þess að vera um tvo mánuði í kringum jólin,“ segir Björgvin. „Fórum um landið þvert og endilangt, ókum um 14.000 kílómetra og gengum heilmikið um hálendi sem láglendi. Styrkur bókarinnar er sá að við sjáum hlutina bæði frá sjónarhóli útlendingsins og heimamannsins og náum þannig meiri dýpt. Ég gat útskýrt hluti sem margir útlendir ferðabókahöfundar misskilja eða ná aldrei að fjalla um og Satu gat bent mér á hluti sem ég sá ekki vegna þess hversu náinn ég er eigin samfélagi. En í stuttu máli þá eru flestar upplýsingar í bókinni frá fyrstu hendi, efnis aflað af okkur á ferð um landið í samtölum við fólk. Í bókinni eru líka viðtöl við ýmsa Íslendinga og má þar sem dæmi nefna Vigdísi Finnbogadóttur, Andra Snæ og Vigdísi Grímsdóttur.“

Björgvin vonar að Finnarnir fjölmenni til Íslands í sumar. „Ég held að bókin sé kærkomin og ég veit að eftir henni hefur verið beðið. Svo er evran svo stöndug miðað við krónuna að næsta sumar verður líklega ódýrasta sumarið í langan tíma á Íslandi fyrir fólk sem hefur evrur á milli handanna.“

gunnarh@frettabladid.is



**ÍSLAND FRÁ SJÓNARHÓLI HEIMAMANNS OG GESTS** Björgvin Hilmarsson og Satu Rämö ferðuðust vítt og breitt í efnisöflun.

**TOPP FIMM Á ÍSLANDI AÐ MATI BJÖRGVINS OG SATU**

1. Taka sundprett eða liggja bara í leti í náttúrulegri heitri laug.

2. Gönguferð um hálendið, Laugavegurinn er heimsklassagönguleið og svæðið í kringum Borgarfjörð eystri er frábært til gönguferða.

3. Kíkja á nokkur af hinum afar sérstæðu söfnum sem finna má á Íslandi. Galdrasafnið á Hólmavík kemur fyrst upp í hugann.

4. Við mælum sérstaklega með því að fólk kíki á einhverja smábæjarhátíð úti á landi og get ég nefnt Aldrei fór ég suður á Ísafirði sem gott dæmi.

5. Í Reykjavík mælum við með Kaffibarnum ef fólk vill út á lífið og svo má ekki klikka á að fá sér eina með öllu!

# Fimm ritstjórar á Grapevine

Götublaðið Grapevine heldur upp á fimm ára afmæli sitt á föstudaginn með því að gefa út sérstakt afmælisblað. „Þema blaðsins er talan fimm og því fengum við fimm gestaritstjóra,“ segir Sveinn Birkir Björnsson, ritstjóri Grapevine. „Þeir ritstýra fimm blaðsíðum hver og fjalla um töluna fimm út frá ýmsum sjónarhornum.“

Gestaritstjórarnir eru Pétur Blöndal, blaðamaður á Mogganum, myndlistarkonan Sara Riel, ljósmyndarinn Silja Magg, Bergur Ebbi Benediktsson úr Sprengjuhöllinni og Barði Jóhannsson, kenndur við Bang Gang. Á afmælinu verður einnig kynnt til sögunnar nýtt útlit á blaðinu, ný heimasíða og nýtt lógó. Sveinn Birkir er þriðji ritstjóri Grapevine, tók við af Bart Cameron fyrir tveimur árum. Rithöfundurinn Valur Gunnarsson var fyrsti ritstjórinn. „Mesta breytingin er að fólk þekkir blaðið núna,“ segir Sveinn Birkir. „Þegar ég hringdi í fólk fyrir tveimur árum þurfti ég alltaf að nota fyrstu fimm mínútur samtalsins í að útskýra fyrir því hvað Grapevine væri.“

- glh



**FIMM ÁRA AFMÆLI Í NÆSTU VIKU** Sveinn Birkir Björnsson, ritstjóri Grapevine.



## > Garðar Örn missti sig í vitleysu

Milan Stefán Jankovic þjálfari og Ingvar Guðjónsson, framkvæmdastjóri Grindavíkur fengu báðir rautt spjald eftir 1-0 sigurinn á Fram á sunnudag. „Janko öskraði eitthvað á króatísku en ég veit ekki hvað. Þegar Scotty var rekinn út af missti ég mig aðeins. Ég sagði við Gunna Gylfa línuvörð að þeir þyrftu að standa í lappirnar og þeir væru að verða sér til skammar. Mér fannst á okkur hallað," sagði Ingvar í gær. „Því miður fannst mér Garðar ekki standa sig í þessum leik, ég hef kosið hann besta dómara landsins síðustu tvö ár, en hann missti sig algjörlega í vitleysu í þessum leik. Ef leikmenn eiga að geta talið upp í tíu og róað sig niður áður en þeir segja einhverja þvælu verða dómarar að geta það líka áður en þeir taka afdrifaríkar ákvarðanir."



# sport

sport@frettabladid.is

**SVEINN ELÍAS ELÍSSON OG HELGA MARGRÉT ÞORSTEINSDÓTTIR:** URÐU NORÐURLANDAMEISTARAR UM HELGINA

## *Húsvörðurinn lurkum laminn eftir sigurinn*

Sveinn Elías Elíasson úr Fjölni og Helga Margrét Þorsteinsdóttir úr Ármanni urðu um helgina Norðurlandameistarar í Jyväskylä í Finnlandi. Sveinn sigraði í tugþraut 18-19 ára, 19 stigum á undan næsta keppanda, og Helga í sjöþraut 17 ára og yngri með miklum yfirburðum, 253 stigum.

„Ég er þreyttur, algjörlega lurkum laminn," sagði Sveinn, sem var að bíða eftir flugi heim líkt og Helga þegar Fréttablaðið náði tali af þeim í gær.

Markmið Sveins fyrir mótið voru skýr. „Ég kom til þess að vinna, ég ætlaði ekki að vera í topp þremur eða eitthvað slíkt, ég ætlaði bara að vinna," sagði kappinn, sem var þó ekkert sérstaklega ánægður með sjálfan sig. „Mér gekk bara svona „la la" en þetta var fyrsta keppni sumarsins og ég er rétt að komast í gang. Þetta var fínt byrjunarmót en aðalmótið í sumar er HM 19 ára og yngri eftir rúman mánuð. Það var fín upphitun



að verða Norðurlandameistari," sagði Sveinn léttur. Hann vinnur sem húsvörður í Orkuveitunni í sumar og fær myndarlegan styrk frá fyrirtækinu. „Ég var meira að segja á launum hérna úti," sagði Sveinn, sem má fara á æfingar þegar hann vill frá vinnu sinni.

Helga Margrét náði sínum besta árangri í sjöþraut en líkt og Sveinn var hún ekki sátt með árangur sinn í öllum greinum. „Ég átti tvær mjög slakar greinar, kúluvarpið og langstökkið, en árangurinn heilt yfir var mjög góður og eiginlega framar mínum björtustu vonum," sagði Helga. Henni fannst lítið standa upp úr annað en heildarstigatalan. „Þetta er í fyrsta skipti sem ég keppi í mörgum greinum í sumar. Ég var búin að ákveða að hafa svolítið gaman af þessu og það skilaði sér vel," sagði Helga „Ég fékk mikla samkeppni. Ég var með 40 stiga forskot eftir fyrri daginn og missti svo forskotið. Ég vann svo nokkrar greinar örugglega en ég var nú samt orðin nokkuð stressuð undir lokin," sagði Helga, sem vann þó að lokum.



**LÍMIÐ Í ROMA** Jón Arnór í leiknum á sunnudag ásamt Shaun Stonerook, fyrirliða Siena. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓÓJ

Stefán Eggertsson, faðir Jóns:

## Jón er límið í liði Lottomatica

**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson fékk góða heimsókn því faðir hans Stefán Eggertsson var mættur til Ítalíu og fylgdist með leik tvö sem fram fór í Siena og svo leik þrjú sem var í Róm í fyrrakvöld. Stefán var að sjálfsögðu ekki sáttur með að horfa upp á Lottomatica kasta frá sér leiknum. „Mér fannst það algjör óþarfi að tapa þessum leik eftir að hafa náð svona góðri byrjun. Ég var ekki sáttur með hvernig þjálfarinn stjórnaði liðinu og mér fannst hann klikka í innáskiptingunum," sagði Stefán. Honum finnst oft á tíðum Jón fá ekki alveg réttu tækifærin. „Mér finnst hann oft skipta Jóni Arnóri út af þegar vel gengur og allt er í blóma. Hann er síðan fljótur að setja Jón inn á þegar allt fer í vitleysu. Jón hitti betur í dag. Hann hefur ekki verið að hitta vel en þeir hafa líka ekki verið að spila mikið upp á skytturnar. Mér finnst hann vera orðinn svolítið lím í þessu liði. Þeir eru klárlega með betra varnarlið þegar Jón er inná," sagði Stefán, sem gerir nú ekki mikið af því að heimsækja strákinn. Hann kom þó einnig um jólin. Stefán verður ekki á fjórða leiknum í Róm því hann fór aftur heim í gærmorgun.

- óój

# Boltinn er á rangri braut

**Skagamaðurinn Stefán Þórðarson íhugar að hætta í fótbolta eftir að hafa litið rauða spjaldið í tveim leikjum í röð. Hann segist ekki lengur hafa gaman af fótbolta. Stefán segir sorglegt hvernig komið sé fyrir íslenskum fótbolta.**

**FÓTBOLTI** Skagamaðurinn Stefán Þórðarson íhugar það nú alvarlega að leggja skóna á hilluna. Stefán hefur litið rauða spjaldið síðustu tvö skiptin sem hann hefur gengið inn á völlinn með Skagamönnum.

Hann er því sjálfkrafa kominn í tveggja leikja bann og aga- og úrskurðarnefnd gæti þess vegna þyngt refsingu Stefáns á fundi sínum í dag.

„Ég mun setjast niður með góðum mönnum og ræða mitt framhald í fótbolta. Þetta er ekki skemmtileg umræða sem er í gangi og hvernig menn nálgast fótboltann hér heima finnst mér vera umhugsunarefni. Ég er ekki til í að halda áfram ef þetta á að vera svona.

Ég hef ekki gaman af þessu lengur og ég er mjög alvarlega að hugsa um að hætta í fótbolta. Þetta kemur niður á liðinu og umfjöllunin um liðið er neikvæð. Mér finnst það ekki vera þess virði að standa í þessu þegar menn eru að sanna eitthvað fyrir mér inni á vellinum. Ég hef verið í fótbolta því það er gaman en ekki út af peningum. Það er ekki gaman í fótbolta eins og staðan er í dag," sagði Stefán frekar þungur á brún við Fréttablaðið í gær.

Stefán fékk rauða spjaldið í frægum leik gegn Keflavík í lok síðasta mánaðar og svo aftur gegn HK á sunnudag þegar aðstoðardómari leiksins taldi Stefán hafa traðkað viljandi á nafna sínum Eggertssyni í HK.

„Ég fer í tæklingu, vinn boltann og dómarinn er ofan í okkur. Ég traðka síðan á honum í leiðinni. Ég viðurkenni það fúslega. Hann lendir bara undir mér en ég traðkaði alls ekki viljandi á honum. Langur vegur frá því," sagði



**Á LEIÐ Í SKAMMARKRÓKINN** Stefán gengur hér til búningsherbergja eftir að hafa verið rekinn af velli í Keflavík. Hann fékk líka rautt í næsta leik. FRÉTTABLAÐIÐ/GÍSLI BALDUR

Stefán, sem hefur áhyggjur af fótboltalandslaginu á Íslandi.

„Mér finnst þessi staða vera mjög alvarleg og menn verða að hugsa sinn gang. Þegar aðalfréttaefnið er fjöldi rauðra spjalda í umferð þá finnst mér fótboltinn vera á rangri braut því miður. Þessi fjöldi rauðra spjalda er umhugsunarefni. Er fótboltinn að verða svona ofsalega ljótur og grófur? Ef svo er verða menn að hugsa sinn gang. Mér finnst það sorglegt hvernig fótboltinn er orðinn hérna heima," sagði Stefán, sem á allt eins von á löngu banni frá aganefndinni.

„Það kæmi mér ekkert á óvart ef þeir dæma mig líka eftir sjónvarpinu og þyngja refsinguna. Það er búið að margsanna að rauða spjaldið sem ég fékk gegn Keflavík var rangur dómur. Ef það var eins leiks bann þá hlýtur þetta að vera ævilangt bann ef ég er sekur núna. Það kæmi mér ekki á óvart að fá 5-10 leikja bann fyrst ég fékk bann þrátt fyrir að vera saklaus," sagði Stefán.

henry@frettabladid.is



**ÓSÁTTUR** Davíð Þór sést hér fylgjast með álengdar eftir að hafa verið vikið af velli. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Gunnar Már, Fjölnismaður:

## Davíð Þór átti ekki að fá rautt

**FÓTBOLTI** Rauða spjaldið sem Davíð Þór Viðarsson fékk í leik FH og Fjölnis olli nokkru fjaðrafoki og voru FH-ingar ekki par sáttir við að hinn ungi Þóroddur Hjaltalín yngri skyldi senda miðjumanninn í sturtu.

Davíð var ætlað að hafa brotið gróflega á Gunnari Má Guðmundssyni Fjölnismanni en Gunnar segir að það hafi verið rangt hjá Þóroddi að reka Davíð af velli.

„Hann togaði í mig og ég datt. Ég reyndar lét mig ekki detta. Hann kippti bara óvænt í mig. Þóroddur var að horfa í hina áttina enda stóð ég fyrir aftan hann. Hann hefur því ályktað eitthvað annað," sagði Gunnar Már við Vísi í gær.

- hbg

Boston Celtics er komið í 2-0:

## Boston komið í bílstjórasætið

**NBA Los Angeles Lakers er komið með bakið upp við vegg í einvíginu gegn Boston Celtics í úrslitum NBA-körfuboltans. Celtics hefur 2-0 forystu eftir 108-102 sigur í fyrrinótt. Næstu þrír leikir fara fram í Los Angeles.**

**Paul Pierce skoraði 28 stig fyrir Boston, Leon Powe 21 stig og Kevin Garnett og Ray Allen 17. Kobe Bryant skoraði 30 fyrir Lakers og Pau Gasol 17.**

- hþh






Jón Arnór Stefánsson skammar liðsfélaga sína í Lottomatica Roma:

## Ég er orðinn vanur því að fá ekki boltann

**KÖRFUBOLTI** Jón Arnór Stefánsson gagnrýnir félaga sína eftir 72-80 tap Lottomatica Roma í þriðja úrslitaleik sínum á móti Montepaschi Siena. Liðið komst mest tuttugu stigum yfir í fyrri hálfleik leikur þess fór í algjört rugl í seinni hálfleik og það tapaði á endanum.

Jón skoraði átta stig í leiknum en sérstaklega var gaman að fylgjast með honum í vörninni. Hann var ekki eins sáttur við frammistöðu sumra leikmanna í hans liði, til dæmis Króatann Roko Ukic sem Toronto Raptors valdi árið 2005 en hefur aldrei spilað í NBA.

Ukic skoraði 11 af 14 stigum í ruslt íma í lokin og fór illa með margar sóknir fram að því. „Hann var skelfilegur og hann hefur ekki verið að spila vel. Hann er leikstjórnandinn okkar en er að reyna of mikið sjálfur og gefur ekki tuðruna oft á tíðum. Við þurfum að



**SKAMMIR** Jón Arnór vandar liðsfélögum sínum ekki kveðjurnar, einn þeirra er Ukic, nr. 20. FRÉTTABLAÐIÐ/OOJ

láta boltann ganga kantanna á milli til þess að hreyfa vörnina og ráðast síðan á hana. Hann er bara að hanga of mikið á boltanum. Ég er ósáttur við hans leik og hef verið það," sagði Jón hreinskilinn. Vel er hægt að skilja pirring hans því boltaflæðið er nánast ekkert í liðinu þökk sé mönnum eins og Ukic.

Það er aðeins Jón Arnór sem er að hreyfa boltann hratt á milli kanta. „Menn í liðinu eru ekki alveg að fatta það að boltinn þarf að ganga betur til að við getum komist almennilega í gang í sókninni," segir Jón Arnór en það var líka áberandi að okkar maður fékk ekki boltann þegar hann var galopinn.

Slæm hittni hans á örugglega þátt í því en hann fékk heldur ekki boltann eftir að hann hitti vel í þriðja leiknum. „Ég er orðinn vanur því að fá ekki boltann þegar ég er opinn. Ég er að fá mjög fá skot í leik. Ég verð bara að vera með níutíu prósenta nýtingu í þessum skotum ef ég á að skora eitthvað. Það er klárlega ekki mitt hlutverki í þessu liði að skora," segir Jón Arnór. Fjórði leikurinn er í kvöld og leikur Lottomatica upp á líf og dauða. Tap þýðir að liðið er komið í sumarfrí, sem er ekki á óskalista leikmanna alveg strax.



ÍTALSKI KÖRFUBOLTINN
ÓSKAR ÓFEIGUR JÓNSSON
skrifar frá Róm
ooj@frettabladid.is



**PÚÐURSKOT** Karim Benzema var ekki á skotskónum frekar en aðrir leikmenn á vellinum í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Leikur Rúmena og Frakka:

## Steindauður fyrsti leikur í dauðariðlinum

**FÓTBOLTI** Rúmenar og Frakkar gerðu steindautt markalaust jafntefli í opnunarleik dauðariðilsins svokallaða.

Hvorugt liðið náði sér á strik í leiknum og stig á hvort lið var sanngjörn niðurstaða.

„Við vitum að þetta er flókinn riðill og Rúmenar ætla ekki að gera neinu liði neinn sérstakan greiða,“ sagði Raymond Domenech, þjálfari Frakka, eftir leikinn.

„Við vorum stressaðir og komumst ekki í gang líkt og gerist oft í fyrstu leikjum á svona mótum. Nú eru bara úrslitaleikir eftir hjá okkur. Við megum ekki vera of varkárir ef við ætlum ekki að sitja eftir. Ég er hvorki bjartsýnn né svartsýnn.“ - hbg



**SIEG HEIL** Þýskur stuðningsmaður í látunum á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

157 handteknir í Austurríki:

## Þjóðverjar kölluðu „Sieg Heil“

**EM 2008 Þegar Nasistaflokkurinn réði ríkjum í Þýskalandi á síðustu öld var kveðjan „Sieg Heil“ á hvers manns vörum. Á sunnudagskvöld fögnuðu stuðningsmenn þýska landsliðsins 2-0 sigrinum á Pólverjum með þessum hætti. Að nota þennan frasa er bannað í Þýskalandi í dag.**

**Um helmingur þeirra sex milljóna manna sem nasistar drápu í helförinni undir stjórn Adolfs Hitler var Pólverjar og er málið gríðarlega viðkvæmt í samskiptum ríkjanna. 157 voru handteknir í ólátunum eftir leikinn, flestir þeirra Þjóðverjar. Áttatíu þúsund stuðningsmenn hafa tvöfaldað íbúafjölda smábæjarins Klagenfurt í Austurríki, meirihlutinn frá Þýskalandi og Póllandi. 2.500 lögregluþjónar voru á vakt um helgina en alls hafa yfir 200 manns verið handteknir í Austurríki fram til þessa.** - hþh

Fyrstu umferð EM lýkur í dag:

## Meistararnir mæta Svíum

**EM 2008** Svíar mæta Evrópumeisturum Grikkja í dag þegar fyrstu umferð Evrópumótsins lýkur. Þjóðirnar leika í D-riðli ásamt Spánverjum og Rússum. „Grikkir eru með mjög gott lið, eins og þeir hafa sýnt. Liðin eru áþekk og þetta verður spennandi leikur,“ sagði Lars Lagerbäck, þjálfari Svía, sem einblínt hefur á föst leikatriði í undirbúningnum.

Rússar eru án lykilmannanna Andrejs Arshavin, sem er í banni í fyrstu tveimur leikjunum, og Pavels Pógrebnjak, sem meiddist skömmu fyrir mót. David Villa verður væntanlega með Fernando Torres í sókn Spánverja, sem eru með fullskipað lið. - hþh



**2-0** Wesley Sneijder kemur Hollendingum hér í 2-0. Sneijder átti stórkostlegan leik fyrir hollenska liðið í gær. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Hollendingar byrja með látum í dauðariðlinum:

# Hollendingar flengdu Ítali

**FÓTBOLTI** Hollendingar spiluðu langbesta boltann sem sést hefur á EM til þessa gegn Ítölum í gær og unnu sanngjarnan sigur, 3-0.

Fyrri hálfleikur í gær var sá langskemmtilegasti í keppninni til þessa. Ruud van Nistelrooy hefði átt að fá víti á 18. mínútu er Buffon braut á honum en hann stóð í lappirnar í stað þess að detta.

Átta mínútum síðar kom van Nistelrooy Hollendingum yfir með umdeildu marki en Ítalir vildu fá rangstöðu. Sárabót fyrir vítið sem hann hefði átt að fá.

Hollendingar mikið mun betri í leiknum og þeir komust í 2-0 eftir um hálftíma leik þegar Wesley Sneijder batt lokahnútinn á stórkostlega skyndisókn. Nistelrooy fékk síðan dauðafæri undir lok hálfleiksins er hann slapp einn í gegn en Buffon sá við honum.

Fyrri hálfleikur var eign Hollendinga en Ítalir hresstust nokkuð eftir hlé. Hollendingum gekk hins vegar vel að halda sóknarmönnum liðsins í skefjum.

Ítalir voru í þrígang nærri því að skora þegar korter lifði leiks en Edwin van der Sar sá við þeim. Ítalir fjölmenntu í sóknina og markið lá í loftinu. Hollendingar náðu í kjölfarið skyndisókn sem endaði með því að Giovanni van Bronckhorst skallaði sendingu Dirk Kuyt í netið en Kuyt lagði líka upp mark Sneijders. - hbg




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



## > Jodie Foster

Foster hefur tvisvar sinnum unnið Óskarsverðlaun sem besta leikkona í aðalhlutverki. Í kvöld má sjá hana í frönsku myndinni „Un long dimanche de fiancailles“ sem sýnd er á Stöð 2 Bíó en Foster talar frönsku reipbrennandi.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR HORFIR Á MATVÆLI SKEMMTA SÉR

## *Ávextir og grænmeti í sviðsljósinu*



Vinsældir matreiðsluþátta hafa aukist gríðarlega síðastliðin ár og er nú svo komið að margar sjónvarpsstöðvar um heim allan senda eingöngu út efni sem tengist matargerð á einhvern hátt. Þetta er svo sem ekkert skrítið; flestir hafa áhuga á mat, þó stundum af nauðsyn frekar en ánægju.

En innan um alla þessa matreiðsluþætti vill það stundum gleymast að matvæli, þá sérlega grænmeti og ávextir, hafa átt sér hliðstæðan sjónvarpsferil í alls óskyldu sjónvarpsefni: barnaefninu. Íslendingar á vissum aldri gleyma aldrei teiknimyndunum um Smjattpattana; grænmeti og ávexti sem bjuggu yfir mannlegum eiginleikum og upplifðu öll þau átök og þær gleðistundir sem fylgja því að búa í smábæ uppi í sveit. Hver Smjattpatti bjó þó einnig yfir eiginleikum þeirrar grænmetistegundar sem hann tilheyrði; til að mynda var laukurinn alltaf grátandi og svolítið beiskur. Bara eins og sumt fólk.

En Smjattpattarnir voru náttúrlega bara fyrir smábörn. Með auknum þroska þurfti öllu svalari ávexti til þess að fanga athygli unga fólksins. Um miðjan níunda áratuginn hófu rúsínubændur í Kaliforníuríki í Bandaríkjunum afar áhrifaríka auglýsingaherferð sem markaði djúp spor í meðvitund heillar kynslóðar. Hljómsveitin The California Raisins, en meðlimir hennar voru strigaskóklæddar rúsínur með sólgleraugu og hanska, hóf fyrst upp raust sína í sjónvarpsauglýsingum sem miðuðu að því að auka rúsínuneyslu Bandaríkjamanna. Öllum að óvörum reyndist vera mikil eftirspurn eftir hljómsveit sem þessari, sem sérhæfði sig í að flytja ábreiðuútgáfur af gömlum slögurum á borð við I Heard It Through the Grapevine, og þess var ekki langt að bíða að hljómsveitin fengi upp í hendurnar bæði útgáfusamning og eigin sjónvarpsþátt. Það er spurning hvort íslenskt grænmeti þarf ekki bara að setja upp sólgleraugun og rokka grænmetissölu upp í hæstu hæðir?

## EKKI MISSA AF



▶ **18.30** American Dad STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.00** Age of Love SKJÁREINN



▶ **21.05** Shark STÖÐ 2



▶ **21.30** Viðtalið SJÓNVARPIÐ



▶ **00.55** LA Lakers - Boston Bein útsending STÖÐ 2 SPORT

## SJÓNVARPIÐ

**15.30 EM 2008 - Upphitun** Hitað upp fyrir næsta leik á EM í fótbolta.

**16.00 EM í fótbolta 2008** Bein útsending frá leik Spánverja og Rússa á Evrópumóti landsliða í fótbolta sem fram fer í Austurríki og Sviss.

**17.50 Táknmálsfréttir**

**18.00 Fréttir**

**18.23 Veður**

**18.25 EM 2008 - Upphitun**

**18.45 EM í fótbolta 2008** Bein útsending frá leik Grikkja og Svía á Evrópumóti landsliða í fótbolta sem fram fer í Austurríki og Sviss.

**20.45 Veronica Mars** (20:20) Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem er slyngur spæjari. Aðalhlutverk leikur Kristen Bell.

▶**21.30 Viðtalið** Bogi Ágústsson ræðir við Alp Mehmet, fráfarandi sendiherra Breta á Íslandi. Mehmet er fæddur á Kýpur og er af tyrkneskum ættum. Hann hefur þjónað í bresku utanríkisþjónustunni heima fyrir í Lundúnum og í Afríku, Rúmeníu, Þýskalandi og á Íslandi þar sem hann var ræðismaður 1989-1993. Hann hefur verið sendiherra Breta á Íslandi frá 2004.

**22.00 Tíufréttir**

**22.35 EM 2008 - Samantekt**

**23.05 Njósnadeildin** (Spooks VI)(9:10) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn.

**00.00 Jane Eyre** (3:4)(e)

**00.50 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Raise Your Voice**

**08.00 The Holiday**

**10.15 The Queen**

**12.00 Bewitched**

**14.00 Raise Your Voice**

**16.00 The Holiday**

**18.15 The Queen**

**20.00 Bewitched**

▶**22.00 Un long dimanche de fiancailles** Kvikmynd um örvæntingarfulla leit ungrar konu að unnusta sínum sem glatast hefur á vígvelli fyrstu heimstyrjaldarinnar.

**00.10 Breathtaking**

**02.00 Constantine**

**04.00 Un long dimanche de fiancailles**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Firehouse Tales, Camp Lazlo, Jólaævintýri Scooby Doo og Kalli kanína og félagar.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella**

**10.15 Homefront** (1:18) (e)

**11.15 Wife Swap** (5:10)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Neighbours**

**13.10 Hitch**

**15.05 Friends** (13:24)

**15.30 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum. Ómissandi þáttur fyrir alla bíóáhugamenn.

**15.55 Ginger segir frá**

**16.18 Kringlukast**

**16.43 Sylvester and Tweety Mysterie**

**17.08 Shin Chan**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours**

**18.18 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.30 The Simpsons** (19:22) Maggie heldur vöku fyrir pabba sínum og hann reynir að leysa vandann með svefnpillum.

**19.55 Friends** (22:24)

**20.20 Moment of Truth** (1:25) Nýr spurningaþáttur þar sem þáttakendur leggja heiðarleika sinn að veði og svara afar persónulegum spurningum um sjálfa sig til þess að vinna háar peningaupphæðir.

▶**21.05 Shark** (14:16) Við höldum áfram að fylgjast með Sebastian sækja erfiðustu málin fyrir saksóknaraembættið en oftar en ekki hittir hann fyrir harðsvíraða glæpamenn sem hann eitt sinn varði sjálfur.

**21.50 Traveler** (2:8) Tveir skólafélagar standa skyndilega frammi fyrir því að vera eltir af alríkislögreglunni og hafðir fyrir rangri sök um að hafa valdið hryðjuverkasprengju á safni.

**22.35 60 minutes**

**23.20 Run Granny Run**

**00.35 Big Love** (6:12)

**01.30 Heartlands**

**03.00 Hitch**

**04.55 Shark** (14:16)

**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**18.10 Gillette World Sport** Farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst á bakvið tjöldin.

**18.40 Timeless** Íþróttahetjur af öllum stærðum og gerðum. Í þættinum er fjallað um fólk sem æfir og keppir í ólíkum íþróttagreinum.

**19.05 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.

**20.00 Ensku bikarmörkin** Veturinn gerður upp í ensku bikarkeppninni.

**21.00 Kaupþings mótaröðin 2008** Sýnt frá öðru móti sumarsins í Kaupþingsmótaröðinni.

**22.00 Landsbankamörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin skoðuð úr umferðinni í þessum magnaða þætti.

**23.00 Science of Golf** Athyglisverður golfþáttur þar sem farið verður yfir helstu leyndarmál „stutta spilsins“ í golfi. .

**23.20 7 Card Stud** Snjöllustu pókerspilarar heimsins setjast að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.

**00.10 Ultimate Blackjack Tour** Færustu og slyngustu spilarar heims koma saman.

▶**00.55 LA Lakers - Boston** Bein útsending frá leik í úrslitarimmunni um NBA-meistaratitilinn.

## STÖÐ 2 SPORT 2

**17.50 EM 4 4 2** Íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport renna yfir hvern leikdag á EM.

**18.20 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.

**18.50 PL Classic Matches** Crystal Palace - Blackburn, 92/93.

**19.20 Football Icon** Enskur raunveruleikaþáttur þar sem ungir knattspyrnumenn keppa um eitt sæti í herbúðum Englandsmeistara Chelsea.

**20.05 Bestu bikarmörkin** Glæsilegustu mörkin og eftirminnilegustu tilþrifin úr ensku bikarkeppninni.

**21.00 EM 4 4 2** Íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport ásamt sérfræðingum renna yfir hvern leikdag á EM.

**21.30 10 Bestu - Arnór Guðjohnsen** Þriðji þátturinn af tíu. Að þessu sinni er fjallað um Arnór Guðjohnsen.

**22.20 Football Rivalries** Celtic og Rangers innan vallar sem utan.

**23.15 Premier League World**

**23.45 EM 4 4 2**

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Dynasty** (e)

**09.30 Vörutorg**

**10.30 Óstöðvandi tónlist**

**14.15 Vörutorg**

**15.15 Are You Smarter than a 5th Grader?** (e)

**16.05 Everybody Hates Chris** (e)

**16.30 Girlfriends**

**17.00 Rachael Ray** Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**17.45 Dr. Phil** Dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamálog gefur góð ráð.

**18.30 Dynasty** Blake Carrington stýrir olíufyrirtæki og er umkringdur konum sem eru óhræddar við að sýna klærnar.

**19.20 Jay Leno** (e)

**20.10 Kid Nation** (8:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem 40 krakkar á aldrinum 8 til 15 ára flytja inn í yfirgefinn bæ og stofna nýtt samfélag.

▶**21.00 Age of Love** (3:8) Bandarísk raunveruleikasería. Mark Philippoussis er þrítug tennisstjarna frá Ástralíu sem er að leita að stóru ástinni. Í upphafi er piparsveinninn kynntur fyrir hópi kvenna. Það kemur honum í opna skjöldu þegar þær reynast allar vera á fimmtugsaldri.

**21.50 The Real Housewives of Orange County** (2:10) Raunveruleikasería þar sem fylgst er með lífi fimm húsmæðra í ríkisbubbasamfélagi í Kaliforníu. Þær eru vanar hinu ljúfa lífi og gera allt sem þær geta til að viðhalda því. Áhorfendur fá að fylgjast með öllu sem gerist í lífi þeirra sem er alls ekki fullkomið.

**22.40 Jay Leno** Jay Leno fær til sín gesti og slær á létta strengi.

**23.30 C.S.I.** (e)

**00.20 Eureka** (e)

**01.10 C.S.I.**

**01.50 Girlfriends** (e)

**02.15 Vörutorg**

**03.15 Óstöðvandi tónlist**

## SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir og Að norðan** Endurtekinn á klst. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

**21.00 Bæjarstjórnarfundur á Akureyri**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




EINN VINSÆLASTI SJÓNVARPSÞÁTTURINN Í BANDARÍKJUNUM

THE MOMENT OF TRUTH HEFST Í KVÖLD KL 20:00

Venjulegt fólk er tengt við einn öflugasta lygamæli sem um getur. Það eina sem það þarf að gera til að vinna 40 milljónir króna...er að segja sannleikann.

skemmtilegri

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 21.30

**10 Bestu - Arnór Guðjohnsen**



Ferill Arnórs Guðjohnsen rakinn í máli og myndum. Arnór gerði garðinn frægan í Belgíu hér á árum áður og þótti með betri knattspyrnumönnum í Evrópu á þeim tíma. Eftir gæfuríkt ár í Belgíu ákvað hann að halda í víking til Svíþjóðar þar sem hann varð goðsögn í lifanda lífi hjá Örebro. Eftir farsælan feril sem atvinnumaður sneri kappinn heim og lék með Val og yljaði áhorfendum hér heima með tilþrifum sínum og hæfileikum.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Moment of Truth
**STÖÐ 2 kl. 20.20**

Nýr spurningaþáttur sem hóf nýverið göngu sína í Bandaríkjunum og sló rækilega í gegn. Þátttakendur leggja heiðarleika sinn að veði og svara afar persónulegum spurningum um sjálfa sig til þess að vinna háar fjárhæðir. Það getur verið hægara sagt en gert þegar maður er tengdur við lygamæli.




## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Dalakofinn
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónlistargrúsk
**15.03** Útvarpssagan: Sérherbergi
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Flækingur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Sumarást
**21.10** Listin og landafræðin
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Kvöldsagan: Svartfugl
**22.45** Dragspilið dunar
**23.30** Saga til næsta bæjar
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

**16.30 Hollyoaks**

**17.00 Seinfeld** (12:22) Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.

**17.30 Entourage** (10:20)

**18.00 Comedy Inc.** (19:22) Ástralskur sketsaþáttur sem slær öllum öðrum við.

**18.30 American Dad** (14:19) Fjórða serían um Stan og baráttu hans gegn Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa m.a kaldhæðin geimvera og enskumælandi gullfiskur.

**19.00 Hollyoaks**

**19.30 Hollyoaks**

**20.00 Seinfeld** (12:22)

**20.30 Entourage** (10:20) Raunalegt framapot Vincents og félaga í Hollywood heldur áfram en leiðin á toppinn bæði skrykkjótt og brött. Verðlaunaþættir eru lauslega byggðir á fyrstu árum Marks Wahlberg í bíóborginni.

**21.00 Comedy Inc.** (19:22)

**21.30 American Dad** (14:19)

**22.00 Missing** (6:19) Þriðja þáttaröð spennumyndaflokks sem fjallar um leit bandarísku alríkislögreglunnar að týndu fólki. Jess Mastrini er sjáandi og sérlegur aðstoðarmaður hennar í þeim rannsóknum.

**22.45 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar.

**21.00 Mér finnst...** Spjallþáttur í umsjón Kolfinnu Baldvinsdóttur og Ásdísar Olsen. Gestir: Elísabet Jökulsdóttir, Hafdís Jónsdóttir.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Horisont **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet 2. del **11.30** OBS **11.35** Blomsterkvartet **11.50** Forandring på vej **12.20** Hammerslag **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **13.50** En lille reminder: Nye II **14.05** Last Exile **14.30** Bernard **14.35** Lucky Luke **15.00** Store Nørd **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ud i det blå **18.00** Hokus Krokus **18.30** Smag på Danmark - med Meyer **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Undercover: Blodets bånd **21.40** OBS **21.45** Dødens Detektiver **22.05** Seinfeld

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Bokbussen **10.40** Når de voksne slår **11.45** Draumen om stjernefotball **12.35** Jessica Fletcher **13.25** Døden på Oslo S **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** Landgang **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Postmann Pat **16.20** Eddy og bjørnen **16.30** Pablo, den lille rødreven **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Grønn glede **17.55** Koht i familien **18.25** Der fartøy flyte kan **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Krigen **20.20** Extra-trekning **20.35** Chaser's War **21.00** Kveldsnytt **21.20** Stikket **23.25** Autofil jukeboks

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Strömsö **10.35** Niklas mat **12.20** Driver dagg faller regn **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Kort från Kina **15.05** På luffen i Norden **15.30** Bergen - Kirkenes t/r **16.00** Bolibompa **16.10** Evas sommarplåster **16.20** Byggare Bob - Projekt: Bygg framtiden **16.30** Hej hej sommar **16.31** Philofix **16.50** Det femte väderstrecket **17.00** Blue Water High **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Kören - killar sjunger inte **18.50** Marion och furstinnan **19.00** Plus sommar **19.30** Leva rövare **21.20** Rapport **21.30** Kulturnyheterna **21.45** Brottet **22.45** Little Rock Central High **0.00** Sändningar från SVT24




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Bæjarins bestu. Sígildar pulsur sem klikka aldrei. Ég fæ mér alltaf eina með öllu nema hráum, annars borða ég alveg hráan, mér finnst hann bara ekki réttur í þessu samhengi. Svo er ég ánægður með að þeir hafa bara eina stærð af kók. Það er alveg óþarfi að flækja það eitthvað.“*

Hlynur Páll Pálson, leiklistarnemi og millistjórnandi skapandi sumarstarfa Hins hússins.

# Íslenskt hjól í skottið

Gamla Hljómalindarhúsið að Laugavegi 21 iðar nú af lífi á ný því tvenn hjón reka þar Nýlenduvöruverzlun Hemma og Valda. Meðal þess sem boðið er upp á eru handhæg íslensk reiðhjól sem má brjóta saman. Þau heita City Surfer og kosta 12.900 kr. stykkið. Hjólin eru einnig leigð út.

„Hugmyndin kviknaði þegar við ákváðum að sniðugt væri að vera með hjólaleigu í miðbænum,“ segir Valdimar Geir Halldórsson, einn eigandanna. „Ég og konan mín höfðum kynnst þessari tegund reiðhjóla í Asíu þar sem þau eru miklu algengari en venjuleg hjól. Það meikar sens út af plássleysinu. Við fórum því í það að finna framleiðanda og við hönnuðum hjólið út frá því stelli sem framleiðandinn gat boðið.“

Útkoman er þrettán kílóa gíralaust borgarhjól, sem samanbrotið kemst auðveldlega í skottið á smábíl. Þau eru framleidd í Kína og voru hundrað hjól búin til í fyrstu pöntun. „Þetta hefur gengið mjög vel. Ferðamannaverslunin Víkingur á Akureyri keypti til dæmis tíu stykki og leigir út. Við munum panta 100 stykki í einu og hjólin verða alltaf mismunandi í hverri pöntun. Það koma jafnvel gírar á endanum.“

Sé fólk spennt fyrir City Surfer-hjólinu er prufuhjól á staðnum. Nýlenduvöruverzlunin býður að auki upp á veitingar, hönnunarverslun og húsgagnasölu í samvinnu við Góða hirðinn. „Óreglan skapar hamingjuna,“ segir Valdimar um úrvalið. „Við náum í ný húsgögn alla miðvikudaga og þá sækir fólk líka það sem það hefur keypt. Svo verður markaður opnaður hér í portinu um næstu helgi.“

Nýlenduvöruverzlunin er með leigusamning út september en þá taka væntanlega byggingarframkvæmdir við á svæðinu. - glh



**VINSÆLT Í ASÍU** Valdimar Geir með City Surfer-hjólið samanbrotið.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**LÁRÉTT 2.** elds, **6.** rykkorn, **8.** hryggur, **9.** fjór, **11.** ung, **12.** rithöfundur, **14.** hégómi, **16.** utan, **17.** traust, **18.** fálm, **20.** rún, **21.** fimur.

**LÓÐRÉTT 1**. stagl, **3.** í röð, **4.** jarðbrú, **5.** móða, **7.** starfræksla, **10**. hafið, **13.** hlé, **15.** matargeymslu, **16.** upphrópun, **19.** hef leyfi.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** báls, **6.** ar, **8.** bak, **9.** fer, **11.** ný, **12.** skáld, **14.** snobb, **16.** út, **17.** trú, **18.** fum, **20.** úr, **21.** frár.

**LÓÐRÉTT:** 1. tafs, **3.** áb, **4.** landbrú, **5.** ský, **7.** rekstur, **10.** rán, **13.** lot, **15.** búri, **16.** úff, **19.** má.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Aðalheiður Steingrímsdóttir.
2. 170.
3. Lukas Podolski.




fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR
Strandgötu 43 | Hafnarfirði
Sími 565 5454




**SVEITTUR VIÐ SKRIF** Björgvin Franz Gíslason situr nú sveittur við skrif á Stundinni okkar. Hann nýtur aðstoðar mömmu sinnar við skrifin.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

**BJÖRGVIN FRANZ:** NÝR UMSJÓNARMAÐUR STUNDARINNAR OKKAR

# Skrifar með mömmu

„Já það er allavega næsti vetur og svo veit ég ekkert meir,“ segir Björgvin Franz Gíslason, sem verður umsjónarmaður Stundarinnar okkar næsta vetur. „Ég var á leiðinni til útlanda í nám þegar það var hringt í mig og mér boðið að senda inn hugmyndir fyrir næsta vetur,“ segir Björgvin en hugmyndir hans fengu góðan hljómgrunn hjá Ríkissjónvarpinu og hann hlaut því starfið. „Þetta er mesti heiður sem mér hefur hlotnast, mesta traust sem mér hefur verið sýnt,“ segir Björgvin. Uppbygging þáttarins er nokkurn veginn komin á hreint en mikið verður um leikna sketsa og annað grín. Björgvin situr nú sveittur við skrif á gríninu en nýtur þar dyggrar aðstoðar móður sinnar, Eddu Björgvinsdóttur. Hún er nú stödd í San Diego en Björgvin í Hafnarfirði. „Við verðum bara að nota Skype og aðra tækni til að gera okkur þetta kleift,“ segir Björgvin. „Ég hef ávallt unnið vel með móður minni og því fannst mér ekki annað hægt en að ráða hana í þetta. Hún er meðhöfundur og pabbi [Gísli Rúnar Jónsson] hefur aðeins sett sinn lit á þetta þó að hann sé ekki eiginlegur höfundur,“ segir Björgvin.

Byrjað er að taka upp gríninnslögin fyrir veturinn og hefur Björgvin meðal annars notið krafta Helgu Brögu Jónsdóttur og Kjartans Guðjónssonar í þeim. Einnig áætlar Björgvin að fá þjóðþekkta einstaklinga í heimsókn „og kynnast þeim út frá sjónarhorni barna“.

Björgvin var sem fyrr segir á leið út í nám þegar tilboðið barst. „Ég var á leiðinni að sækja um í söngleikjaskóla í Skotlandi, en það verður að bíða betri tíma,“ segir Björgvin, sem hefur lagt þann draum á hilluna um sinn. Skyldi margur ætla að peningar hafi spilað inn í þá ákvörðun. „Fæ ég böns af monní? Ekkert eins og Megas,“ segir hann og hlær. „Ég get ekkert gefið upp um það en okkur samdist vel og ég er svo sannarlega sáttur,“ segir hann.

Björgvin gleðst yfir því að fá að skemmta börnum. „Það er eitthvert það skemmtilega sem maður gerir. Ég hef lítið gert af því undanfarin ár. Hef meira verið að skemmta foreldrunum meðan börnin sofa og þeir fá sér í glas,“ segir Björgvin. Sjálfur á hann sjö ára dóttur sem er spennt yfir nýja starfi pabba. „Hún var einmitt rosalega dugleg og stillt að halda þessu leyndu þegar enginn mátti vita þetta.“

soli@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Pálmi Haraldsson** kenndur við Fons er mikill Þróttari og hefur ekki talið eftir sér að styrkja félagið myndarlega með fjárframlögum. Pálmi er eigandi Iceland Express og fannst honum það skjóta skökku við að sjá borða frá Icelandair á heimasíðu Þróttara. Með því að smella þar á eru gestir á trottur.is dottnir beint inn á bókunarkerfi samkeppnisaðilans. Hins vegar eiga Þróttarar erfitt með að henda borðanum út þótt þeir glaðir vildu og gera þannig sínum mesta velgjörðarmanni til hæfis því Icelandair er með samning við öll félög í Landsbankadeildinni um að slíkur borði sé á heimasíðum félaganna.



**Valdís Gunnarsdóttir** var ekki par ánægð þegar hún fékk uppsagnarbréf frá **Ágústi Héðinssyni** forstöðumanni útvarpssviðs 365 og hótar því að fara ekki þegjandi. Hún hefur verið á sunnudagsmorgnum á Bylgjunni með þátt sinn en situr ein þáttargerðarmanna þar í því að vera ekki að vinna samkeppnina við Rás 2. Með Valdísi hverfa 50 prósent af kvenkyni því sem situr við míkrófón á Bylgjunni. Eina konan þar er nú **Kolbrún Björnsdóttir** sem situr morgunvaktina með **Heimi Karlssyni**.



Tónlistarblaðamaðurinn **Arnar Eggert Thoroddsen** var steggjaður af vinum sínum á laugardag. Arnar var sendur í brúnkusprautun og þurfti síðan að spranga um Smáralind ber að ofan. Hápunktur dagsins var svo þegar Arnar var sendur í hljóðver **Magnúsar Kjartanssonar**, þar sem hann söng inn á band gamlan og góðan smell með hljómsveitinni Mike & the Mechanics.

- jbg/hdm


FISKBÚÐIN HAFBERG Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

ÞÚ FÆRÐ AÐEINS ÞAÐ BESTA HJÁ OKKUR

RAUÐI túnfiskurinn er kominn!



opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00


# Yngsti veðurfréttamaður landsins

„Þetta er í fyrsta skipti sem ég tala fyrir framan myndavél,“ segir Elísabet Margeirsdóttir, veðurfréttakona á Stöð 2. Elísabet fór fyrst í loftið í hádeginu á föstudaginn og þá strax í beina útsendingu. „Það tók dálítið á að vera í beinni og ég var pínu stressuð,“ segir Elísabet.

Það er ákveðin kúnst að vera í veðursettinu þar sem viðkomandi veðurfréttamaður þarf að lýsa því sem hann sér á skjá fyrir framan sig og spinna texta í leiðinni, sem hann er búinn að ákveða í hausnum. „Ég var búin að vera í nokkurs konar æfingabúðum hjá Sigga [Sigurði Ragnarssyni Stormi] áður en ég fór í útsendinguna,“ segir Elísabet, sem ber Storminum vel söguna.



**UNG Á UPPLEIÐ** Elísabet var í fyrsta skipti í beinni útsendingu kvöldfrétta í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Elísabet er að útskrifast frá raunvísindadeild Háskóla Íslands í lífefnafræði. Hún er 23 ára gömul og því án nokkurs vafa sú yngsta í faginu.

Elísabet segist ekki hafa átt sér þann draum lengi að verða veðurfréttakona. „Ég sá þetta bara auglýst í vor og það er kannski hægt að segja að þá hafi þetta orðið að draumi. Það hentaði einmitt vel að ég er að klára námið um svipað leyti,“ segir Elísabet en hún mun einmitt útskrifast um næstu helgi. Hún er ráðin um óákveðin tíma og segist sjá fram á skemmtilega tíma í nýju starfi. Námið gagnist henni vel og viðfangsefnið sé mjög áhugavert. - shs




Nú býður Terra Nova til frábærrar sumarveislu til perlu Svartahafsins, Golden Sands í Búlgaríu. Þú færð hvergi meira frí fyrir peninginn en í ferð til Golden Sands og nú bjóðum við frábær tilboð á nokkrum vinsælum gististöðum í júní. Staðurinn ber svo sannarlega nafn með rentu því ströndin er ein sú allra besta í Evrópu, 4 km. löng og allt að 100 metra breið með gullnum sandi, hlýjum og tærum sjó.

## Sólarveisla á Golden Sands

**Bókaðu núna!**
**www.terranova.is**

# frá kr. 49.995 með allt innifalið

### Ótrúlegt verðlag!

**Í verslun**

| | |
|---|---|
| Vatn 1,5 l. | 40 kr. |
| Bjór 0,5 l. | 50 kr. |
| Léttvínsflaska | 300 kr. |
| Kjúklingur 1 kg. | 320 kr. |
| Gos 1,5 l. | 75 kr. |
| Vodkaflaska (innlend) | 370 kr. |

**Á veitingastað**

| | |
|---|---|
| Aðalréttur | 600 kr. |
| Bjór | 150 kr. |
| Vínflaska | 440 kr. |
| Pizza | 400 kr. |

**Annað**

| | |
|---|---|
| Bananabátur | 300 kr. |
| Sjóskíði | 1.100 kr. |
| Teygjustökk | 750 kr. |
| Hjólaleiga (dagur) | 550 kr. |

*) Verðtaflan byggir á óformlegri verðkönnun fararstjóra Terra Nova, sumarið 2006.

### ÓTRÚLEG VEISLUTILBOÐ

**Frábært verð – allt innifalið**

**Hotel Kristal ****

**Frá 49.995**

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í fjölskylduherbergi í viku með „öllu inniföldu", 16. júní. Brottfarir 23. og 30. júní kr. 5.000 aukalega.

**Frá 64.990**

Netverð á m.v. gistingu í tvíbýli í viku með „öllu inniföldu", 16. júní. Brottfarir 23. og 30. júní kr. 5.000 aukalega.

**Frábærar íbúðir ****

**Frá kr. 44.995**

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð á Glarus íbúðahótelinu í viku, 30. júní. Brottför 23. júní kr. 5.000 aukalega.

**Gott hótel *****

**Frá kr. 49.990**

Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli með morgunverði á Hotel Perla í viku, 16. júní. Brottfarir 23. og 30. júní kr. 5.000 aukalega.

Kynntu þér tilboðsbæklinginn á www.terranova.is




**Endalausir möguleikar á afþreyingu**

- Sjóstangveiði
- Hjól og mótorhjól
- Mini-golf, strandblak
- Vatnagarðurinn Aquapolis
- Teygjustökk
- Köfun, kajakar
- Keila, tennis
- Sjóskíði, seglbretti

- Veisla í mat og drykk
- Frábært næturlíf
- Gott að versla
- Spennandi kynnisferðir
- Ótrúlegt verðlag
- o.fl., o.fl.

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

*Færð þú MasterCard ferðaávísun?*

Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík · Sími: 591 9000
www.terranova.is · Akureyri sími: 461 1099

**Terra Nova**
PRIMERA GROUP

Birt með fyrirvara um prentvillur. Terra Nova áskilur sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SÍA / NM34029

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



**MEST LESIÐ:**

- Átta árangurslaus fjárnám hjá forseta bæjarráðs
- Stefán Þórðarson íhugar að hætta í fótbolta
- Vilhjálmur: Flokksforystan kom ekki nálægt ákvörðun minni
- Meismaður hafði slasað tvo fyrir handtöku

visir.is ...ég sá það á visir.is




**BAKÞANKAR**


Karenar D. Kjartansdóttur


## *Jón Sigurðsson og olíuhreinsun*

Lengi trúðu Íslendingar að umheimurinn teldi okkur sannfærða umhverfisverndarsinna. Í útlöndum væri Ólafur Ragnar Grímsson, skapari hitaveitunnar, á hvers manns vörum; hér ækju allir á vetnisbílum, hús væru kynt með heitu vatni fyrst og fremst af umhverfisástæðum og sótbölvandi ýtustjórar með þriggja daga skegg og sigggrónar hendur legðu lykkju á leið sína til að hlífa álfum og huldufólki.

**ÞAÐ** er kraftaverki líkast að okkur hafi tekist að halda í þessa sjálfsmynd meðan við veiðum hvali, drepum ísbirni, reisum álver, viljum ólm byggja olíuhreinsunarstöðvar, eigum eyðslufrekasta bílaflota í heimi og höfum samið popplag gegn Grænfriðungum. Það er ekki að undra þótt blekkingavefurinn sé farinn að trosna.

**NÚ** láta margir eins og fullvíst sé að Íslendingar farist allir úr eymd ef við reisum ekki olíuhreinsistöð við Arnarfjörð sem allra fyrst. Það þarf ekki spádómsgáfu til að sjá að mjög fljótlega mun einhver halda því fram að því miður sé bara málið komið það langt að ekki sé hægt að hætta við það úr þessu.

**ÉG** velti því fyrir mér hvað Jón Sigurðsson forseti hefði sagt um olíuhreinsistöðina væri hann uppi nú. Honum væri málið sérlega skylt því stöðina á að reisa við Arnarfjörð, en þar stendur Hrafnseyri þar sem Jón fæddist og ólst upp. Á árum áður unnu Íslendingar Jóni svo mjög að fæðingardagur hans varð þjóðhátíðardagur. Einnig má nefna að Hrafn sá sem eyrin er nefnd eftir er talinn fyrsti lærði læknir landsins og þykir ekki fráleitt að halda því fram að í Arnarfirði hafi staðið fyrsta sjúkrahús landsins.

**ÞAÐ** er ég viss um að þessir fornu frumkvöðlar myndu ekki kunna því vel að rússneskum auðjöfrum stæði til boða að reisa olíuhreinsistöð í Arnarfirði. Einhverjir gætu vissulega sagt að þessir tveir menn hefðu fyrst og fremst hugsað um hagsmuni þjóðarinnar. Hefðu þeir talið þeim hagsmunum best varið í faðmi Rússa hefðu þeir valið þann kostinn. Stóriðjulausu Vestfirðingarnir sem nú láta eins og óbyrja sem skyndilega eygir von á að eignast barn ætti ef til vill fyrst að líta til þróunarinnar á Austfjörðum. Fyrir austan var jú svolítið gaman á meðan á uppbyggingunni stóð og verksmiðjan var að taka til starfa en nú hafa allir misst áhuga á Austfirðingum og álverinu. Flugfélög eru hætt að fljúga þangað, fjölmiðlar nenna ekki að segja af þeim fréttir og allt virðist komið í svipað far og var áður en verksmiðjan var reist.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 10. júní, 163. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.03 | 13.27 | 23.52 |
| Akureyri | 1.59 | 13.12 | 0.29 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


